

Ágrip

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er breytileiki í fallmörkun á aukafallsfrumlögum í forníslensku sem er að nokkru leyti sambærilegur við fyrirbærið „þágufallssýki“ í nútímaíslensku. Fyrst er fjallað almennt um frumlög í aukafalli þar sem gerð er grein fyrir stöðu þeirra í nútímaíslensku með samanburði við forníslensku (einkum með umræðu um frumlagspróf). Því næst er fjallað um tengsl „þágufallssýki“ við barnamál og sýnd eru dæmi um sambærilegan breytileika í öðrum skyldum tungumálum. Einnig er fjallað um kannanir á „þágufallssýki“ í máli íslenskra skólabarna og rætt um það hvers konar sagnir það eru sem breytileikinn kemur fram með en það eru sagnir sem tákna skynjun eða vöntun. Þar eru rök leidd að því að eðlilegt sé að finna slíkan breytileika í tungumálum með svipað fallakerfi og nútímaíslenska og því hljóti að finnast tilbrigði í fallmörkun frumlaga í forníslensku. Þá eru sagnir sem taka þolfallsfrumlag í forníslensku taldar upp og tínd til dæmi um breytileika milli þolfalls og þágufalls í formáli með ellefu sögnum.

Athuginin á breytileikanum var einkum gerð með því að leita í rafrænum gagnasöfnum sem varðveita forníslenska texta og með rafrænni leit í tveimur formáls-orðabókum. Dæmi um breytileikann sem sýnd eru í meginmáli hafa verið gátuð með því að athuga mismunandi útgáfur af sama texta eða með tilvísun beint í það handrit sem þau hafa varðveist í. Hvert dæmi er auk þess aldursgreint miðað við það handrit sem vitnað er til eða það handrit sem útgáfunar nota til þess að fá einhverja hugmynd um aldur breytileikans. Þar á eftir fer umfjöllun um sagnirnar í yngri íslensku og að lokum eru niðurstöður um sagnirnar dregnar saman með umræðu um hugsanlegar ástæður fyrir breytileikanum.

Efnisyfirlit

0. FORMÁLI	2
1. INNGANGUR	3
2. BREYTILEGT FRUMLAGSFALL	6
2.1 Frumlag eða andlag?	6
2.2 Þágufallssýki í nútímamáli	10
2.2.1 Formgerðarfall og orðasafnsfall	13
2.2.2 Upprunalegt fall	15
2.2.3 Þágufallssýki í máli barna	16
2.3 Breytileiki í fallmörkun í öðrum málum.....	19
3. BREYTILEGT FRUMLAGSFALL Í FORNÍSLSKU	21
3.1 Sagnir með þolfallsfrumlagi í forníslensku	21
3.2 Fyrri athuganir	22
3.3 Mín athugun	23
3.4 Breytileiki í forníslensku	24
3.4.1 <i>angra</i>	26
3.4.2 <i>ánægja</i>	30
3.4.3 <i>bila</i>	31
3.4.4 <i>bíhaga</i>	33
3.4.5 <i>bresta</i>	34
3.4.6 <i>byrja</i>	38
3.4.7 <i>harma</i>	39
3.4.8 <i>höfga</i>	41
3.4.9 <i>lysta</i>	43
3.4.10 <i>skipta</i>	44
3.4.11 <i>skorta</i>	46
3.5 Illgresi í akri Fritznars	47
3.6 Breytileikinn í yngri íslensku	50
4. SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR	51
5. LOKAORÐ	57

0. Formáli

Þessi ritgerð er lögð fram til B.A.-prófs í íslensku við Háskóla Íslands og er afrakstur viðamikillar rannsóknar á tilbrigðum í fallmörkun aukafallsfrumlaga í forníslensku. Sú forvinna sem að baki henni liggur var að miklum hluta unnin í verkefninu „Þróun fallkerfisins í íslensku og færeysku“ í umsjón Þórhalls Eypórssonar og Jóhannesar Gísla Jónssonar sem hlaut styrk úr Rannsóknarsjóði RANNÍS 2004. Í verkefninu voru meðal annars teknir saman ítarlegir sagnalistar yfir sagnir með frumlögum í þolfalli og þágufalli í forníslensku sem ég notfærði mér mikið. Að gerð sagnalistanna stóðu Hlíf Árnadóttir og Eyrún Valsdóttir, auk mín, og hafði ég því góða yfirsýn yfir breytileikann sem og takmarkanir listanna (einkum í hvaða heimildum hafði verið leitað og hvar var hægt að leita betur). Án þessara lista hefði verið ógerningur að finna á einu skólamisseri öll þau dæmi um tilbrigði sem hér eru til umfjöllunar. Nokkur vinna fór í að reyna að auka við listana, bera saman dæmi sem sýndu breytileika til þess að tryggja að breytilegt frumlagsfall stafaði ekki af merkingarmun og í að staðfesta þau dæmin sem fundust. Dæmin voru gátuð með því að athuga áreiðanlegar útgáfur (helst fleiri en eina) og með því að fara í sumum tilvikum beint í þau handrit þar sem dæmin eru varðveitt.

Við rannsókn og úrvinnslu naut ég ómetanlegrar aðstoðar fróðra manna sem af mikilli elju voru reiðubúnir að greiða mér götuna þrátt fyrir að hafa nóg á sinni könnu. Þetta á jafnt við um þau tilvik þar sem upp komu ógnvænlegar textafræðilegar ráðgátur sem og almennar leiðbeiningar um heimildaöflun, aðgang að óútgefnum heimildum og gagnlegt spjall um viðfangsefnið. Mér er bæði ljúft og skylt að þakka: Einari Frey Sigurðssyni, Eiríki Rögnvaldsyni, Eyrúnu Valsdóttur, Guðrúnu Nordal, Guðvarði Má Gunnlaugssyni, Gunnari Marel Hinrikssyni, Haraldi Bernharðssyni, Hlíf Árnadóttur, Kjartani G. Ottóssyni, Ólafi Halldórssyni, †Stefáni Karlssyni, Þorbjörgu Helgadóttur og Þórhalli Eypórssyni. Einnig vil ég þakka starfsmönnum Þjóðdeildar Landsbókasafns Íslands fyrir að hlaupa eftir ótölulegum fjölda bóka í læstar hirslur með mesta jafnaðargeði.

1. Inngangur

Í íslensku eru til sagnir sem taka með sér frumlög í nefnifalli og frumlög í aukafalli. Sagnir með aukafallsfrumlagi eru frábrugðnar sögnum með nefnifallsfrumlagi að því leyti að sögnin lagar sig ekki að frumlaginu í persónu og tölu eins og þegar um nefnifallsfrumlag er að ræða.¹ Aukafallssagnir eru því í 3. persónu eintölu óháð persónu og tölu frumlagsins. Í (1) eru sýnd dæmi um nefnifallsfrumlög og í (2) eru sýnd dæmi um aukafallsfrumlög, þar sem frumlag er auðkennt með feitlettri:

- (1)a. **Ég** (1.p.et.nf.) les (1.p.et.nt.) oft skemmtilegar bækur.
- b. **Páll** (3.p.et.nf.) elskar (3.p.et.nt.) Maríu.
- c. **Þeir** (3.p.ft.nf.) ganga (3.p.ft.nt.) á Esjuna.

- (2)a. **Mig** (1.p.et.þf.) dreymir (3.p.et.nt.) oft skemmtilega drauma.
- b. **Pál** (3.p.et.þf.) grunar (3.p.et.nt.) að ekki sé allt með felldu.
- c. **Þeim** (3.p.ft.þgf.) líkar (3.p.et.nt.) þessi bók mjög vel.

Sagnirnar í (2) eiga það sameiginlegt að tákna skynjun og feitlettruðu aukafallsfrumlögin eru því nefndir skynjendur. Í nútímaíslensku er rík tilheinging í þá átt að nota þágufallsfrumlög með þolfallssögnum sem tákna skynjun eða vöntun. Þessi tilhneiging hefur verið nefnd „þágufallssýki“² og dæmi um hana eru sýnd í (3):

- (3)a. **Mér** dreymir oft skemmtilega drauma.
- b. **Páli** grunar að ekki sé allt með felldu.
- c. **Þeim** vantar nýja skó.

Í forníslensku eru sagnir með skynjendum í aukafalli sem virðast fyllilega sambærileg við nútímamálsdæmin í (2). Í (4) eru sýnd dæmi úr þremur Íslendingasögum:³

¹ Sagnir sem taldar eru standa upprunalega með frumlagi í þolfalli verða hér nefndar *þolfallssagnir* og sagnir með þágufallsfrumlagi *þágufallssagnir* (sjá einnig kafla 2.2.2 um upprunalegt fall). Á sama hátt eru sagnir sem standa með frumlagi í aukafalli nefndar *aukafallssagnir*.

² Einnig hafa verið höfð um þetta orðin „þágufallshneigð“ og „méránir“. Hér verður notast við orðið þágufallssýki (héðan í frá án gæsalappa) þar sem það er orðið rótgróið í málinu.

³ Þegar dæmi eru tekin úr forníslenskum textum er vitnað til textans með samræmdum titli, því næst er útgáfuár textans sýnt og loks blaðsíðatal. Ef línunúmer eru sýnd í útgáfunum er þess einnig getið með hækkuðu lettri og undirstrikun (11¹¹) til aðgreiningar frá neðanmálgreinamerkjum. Hér er þó um ónákvæmari tilvísun í útgáfu að ræða en í umfjöllun um sagnirnar í forníslensku í 3. kafla, þar sem t.d. er sýnt úr hvaða handriti dæmið er.

- (4)a. **Þorleif** dreymdi enn draum. (Flóamanna saga 1991:295)
- b. Grunar **mik** enn sem fyrr, at Þórólfr muni ... (Egils saga 1933:45)
- c. Þetta líkar **þrælnum** illa, ok veitir Gísli tilræði. (Gísli saga 1943:6)

Þar sem í forníslensku finnast sambærileg dæmi um aukafallssagnir og eru í nútímaíslensku er forvitnilegt að athuga hvort þar séu einnig dæmi um tilbrigði í fallmörkun á borð við dæmin í (3). Með tilbrigðum í fallmörkun er hér átt við dæmi þar sem breytilegt fall kemur fram á frumlagi með sögn í sömu merkingu. Í forníslensku virðist vera dæmi um slíkan breytileika með sögninni *harma*, svo dæmi sé tekið:

- (5)a. Allmiok harmar **mik**, segir hann, er ek skal með öngum kosti minu eyrendi til leidar koma. (Stephanuss saga 1877:290²⁹ [≈1425-1445])
- b. en harmar **mer** sva miok, at við þvi er buit, at ec mona sonlavs verþa. (Blasíuss saga 1877:259⁴ [≈1325])

Þar sem enginn núlifandi hefur forníslensku að móðurmáli getur verið erfitt að skera úr um hvort (5a) merkir nákvæmlega það sama og (5b). Ekkert bendir þó til annars en að merkingin sé ‘þykja leitt’ í báðum dæmum og því virðast koma fram tilbrigði milli þolfalls og þágufalls með *harma* í forníslensku. Hins vegar er ekki hægt að tala um tilbrigði í fallmörkun ef þolfall og þágufall hefur greinilega ekki nákvæmlega sömu merkingu. Í dæmi (6) kemur sögnin *varða* til dæmis fyrir með þolfalli og þágufalli en í ólíkri merkingu:

- (6)a. ok lézk hann vera þess skyldr at segja þér þat, er **þik** varðar, at Esphoelingar ætla at stefna Steinólfi til óhelgi. (Víga-Glúms saga 1956:75)
- b. Óláfr það hann vera varfæran ok kvað **sér** meira varða, at hann kæmi heill heim, en hitt, hvar matr hans færi. (Vatnsdæla saga 1934:92⁷)
- c. *oc varðar honom fiorbavgsgarð* við aðilia. (Grágás 1852:125²⁷)⁴

Í (6a) með þolfalli er merkingin ‘áhræra e-n, viðkoma e-m’. Með þágufalli getur sögnin hins vegar merkt ‘vera e-m mikilvægt, skipta e-n máli’ eins og í (6b) eða ‘hafa tiltekna refsingu í för með sér fyrir e-n’ eins og í (6c). Breytilegt fall með sögninni *varða* er því ekki til marks um tilbrigði í fallmörkun.

⁴ Þegar vitnað er í útgáfur á textum er vitnað stafrétt í útgáfuna, öllum skáletrunum haldið en frumlag er feit-letrað til áherslu. Skáletrun í fræðilegum útgáfum á forntextum táknar að leyst hafi verið upp úr styttingum (böndum) sem eru í handriti textans (sjá nánar í kafla 3.3).

Þó að einungis hafi verið sýnt dæmi um breytileika milli þolfalls og þágufalls í sömu merkingu er ekki þar með sagt að ekki komi fram tilbrigði í fallmörkun með öðrum föllum. Í forníslensku koma einnig fyrir dæmi um nefnifallsfrumlag með aukafallssögnum þar sem merkingin virðist vera sú sama. Dæmi um slíkan breytileika er sýnt í (7) (Halldór Halldórsson 1982:168, leturbr. mínar):⁵

- (7)a. Dreymþi **mic**, Hægni! // dylíomc þat eigi. (Atlamál 1867:294)
b. **Ein kona** . . . dreymdi þann dróm. (Maríu saga II 1871:1029)

Í þessum dæmum virðist merkingin vera sú sama. Í forn málsorðabókum er þó einnig getið annarrar merkingar með *dreyma* ‘birtast í draumi’ þar sem sá sem birtist er í nefnifalli en sá sem dreymir sjálfan drauminn er í þolfalli (sbr. forn málsorðabækur Fritznars (1896) og Cleasbys og Vigfússonar (1874), styttr Fritznar og C&V). Í dæmi (7) er merkingin þó greinilega ekki ‘birtast í draumi’ þar sem andlag setningarinnar er *dróm* (þ.e. *draum*) en ekki sú lifandi vera sem ætti að hafa birst í draumi.

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar er að tína til dæmi í forníslensku sem svipar til fyrrnefndrar „þágufallssýki“ í nútímamáli, þ.e. dæma með sögnum á borð við *harma* í (5). Ekki er hins vegar fjallað sérstaklega um sagnir sem sýna breytileika milli nefnifalls og þolfalls eins og sýnt var með sögninni *dreyma* í (7). Í 2. kafla verður fjallað um aukafallsfrumlög og frumlagspróf, breytileika milli þolfalls og þágufalls í nútímaíslensku og öðrum málum og minnst verður á rannsóknir á því sviði. Í 3. kafla verður sjónum beint að breytileika milli þolfalls og þágufalls í forníslensku, niðurstöður fyrri rannsóknar kynntar og dæmi sýnd um breytileika með sögnum sem athugun mín hefur leitt í ljós að gátu tekið með sér frumlög í þolfalli og þágufalli. Í 4. kafla er umfjöllun um sagnirnar úr 3. kafla dregin saman og settar eru fram hugmyndir um hugsanlegar ástæður fyrir breytileikanum.

⁵ Breytileiki milli nefnifalls og þolfalls virðist koma fyrir með sögnunum *bera*, *dreyma*, *frjósa*, *leysa*, *reka*, *undra* og *öfunda* (sjá t.d. orðabókarskýringar og dæmi um sagnirnar í forn málsorðabók Fritznars (1896) og Cleasbys og Vigfússonar (1874)).

2. Breytilegt frumlagsfall

2.1 Frumlag eða andlag?

Í hefðbundinni setningafræði er frumlag skilgreint sem fallorð í nefnifalli og ljóst er að aukafallsfrumlög rúmast ekki innan þeirra skilgreiningar:

- (8) Frumlag er fallorð, fallsetning eða bein ræða í nefnifalli, er táknað þann (þá, það), sem aðhefst, er eða verður það, sem umsögnin segir. (Björn Guðfinnsson 1943:7)

Andrews (1976) færði fyrstur rök fyrir því að aukafallsliðir eins og í dæmi (2) væru frumlög í íslensku og síðan þá hafa málfræðingar beitt frumlagsprófum á setningar í nútímamáli því til staðfestingar (sjá t.d. Zaenen, Maling og Höskuld Thraínsson 1985, Halldór Ármann Sigurðsson 1989 o.fl.). Af þeim málum sem eru náskyld íslensku hafa einnig verið færð gild setningafræðileg rök fyrir aukafallsfrumlögum í færeysku (sjá Barnes 1986).

Tilvist aukafallsfrumlaga í forníslensku hefur hins vegar verið mjög umdeild meðal málfræðinga.⁶ Hvort aukafallsliðir með sögnum á borð við *dreyma*, *gruna* og *líka* eru frumlög eða andlög er ekki aðalatriði þegar kemur að athugun á slíkum sögnum í forníslensku eða gildi þeirra dæma um tilbrigði í fallmörkun sem sýnd verða í 3. kafla. Aftur á móti er fróðlegt að geta borið breytileikann í forníslensku saman við nútímaíslensku, þar sem aukafallsliðirnir eru ótvíræð frumlög.

Í nútímaíslensku eru greinileg tengsl milli þágufallssýki og þess hvort liður er frumlag eða andlag. Þágufallssýki kemur fram á aukafallsfrumlögum með sögnum sem tákna skynjun eða vöntun en þágufallssýki kemur hins vegar ekki fram á liðum sem eru andlög. Dæmi um þágufallssýki með frumlagi er sýnt í (9b) og samsvarandi ótækt dæmi um þágufallssýki með andlagi er sýnt í (10b):

- (9)a. **Mig** dreymir oft skemmtilega drauma.
b. **Mér** dreymir oft skemmtilega drauma.
- (10)a. Ég vildi bara reyna að gleðja **þig**.
b. *Ég vildi bara reyna að gleðja **þér**.

⁶ Sjá rök með aukafallsfrumlögum í forníslensku hjá t.d. Eiríki Rögnvaldssyni 1996, Jóhönnu Barðdal 2000 og Jóhönnu Barðdal og Thórhalli Eythórssyni 2003. Hugsanleg rök gegn aukafallsfrumlögum má lesa um hjá t.d. Kristoffersen 1991, Mørck 1992 og Faarlund 2004:204-219. Í sögulegri málfræði hefur athyglin einnig beinst að hugsanlegum aukafallsfrumlögum víðar en í forníslensku, m.a. í forngermönsku (sjá t.d. Allen 1986; Seefranz-Montag 1984; Jóhönnu Barðdal og Thórhall Eythórsson 2003 og rita sem þar er vitnað til).

Þágufallssýki kemur fram með sögninni *dreyma* í (9b) þar sem hún táknar skynjun. Sögnin *gleðja* í (10b) felur í sér skynjun andlagsins en dæmi um þágufallssýki á andlögum koma hins vegar ekki fyrir í nútímamáli með sögnum sem tákna skynjun. Því má segja að þar sem þágufallssýki kemur greinilega ekki fram á slíkum andlögum hljóta aukafallsliðir eins og í (9) að vera frumlög.

Til þess að athuga hvort aukafallsliður hegði sér eins og frumlag er einnig hægt að nota svokölluð frumlagspróf. Slíkum prófum er auðvelt að beita á lifandi tungumál eins og nútímaíslensku þar sem hægt er að prófa mismunandi setningar, jafnt tækar sem ótækar, en erfiðara er að beita slíkum prófum á dautt tungumál á borð við forníslensku. Í forníslensku er einungis aðgangur að tækum setningum og því er ekki hægt að fullyrða að tilteknar setningar hafi verið ótækar. Því er erfitt að færa rök fyrir því að tilteknir liðir (t.d. andlög) geti *ekki* komið fyrir í ákveðinni stöðu í setningum (t.d. í frumlagssæti).

Ekki er heldur sjálfgefið að frumlagspróf í nútímaíslensku sem eru talin sanna tilvist aukafallsfrumlaga séu gild frumlagspróf í forníslensku. Af þekktum prófum í nútímaíslensku er ljóst að tengieyðing (e. *conjunction reduction*) lýtur öðrum lögmálum í forníslensku og er því ekki frumlagspróf (sjá t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 1994; Eirík Rögnvaldsson 1996; Jóhönnu Barðdal 2000). Skammdræg afturbeyging (e. *clause-bounded reflexivisation*), orðaröð í staðhæfingum og umröðun sagnar og frumlags eru einnig próf sem gilda ekki í forníslensku (sjá t.d. Jóhönnu Barðdal 2000) auk þess sem langdræg afturbeyging (e. *long-distance reflexivisation*) er umdeilt frumlagspróf.

Meginástæða þess að frumlagspróf í nútímaíslensku gilda ekki í forníslensku er sú að orðaröð er talsvert frjálsari í forníslensku.⁷ Í (11) er sýnt dæmi um setningu í forníslensku sem orðaraðarinnar vegna á ekki að geta komið fyrir í nútímamáli:

(11) þá skal öllum fjárhlutum **bóndinn** varðveita. (AM 351 fol. 17r9)⁸

Í nútímaíslensku getur andlag ekki komið strax á eftir persónubeygðri sögn í óbeinni orðaröð. Því er hægt að vera viss um að nafnliður er frumlag ef hann stendur á eftir persónubeygðri sögn í setningu á borð við (11) í nútímaíslensku. Í dæminu er nafnliðurinn *öllum fjárhlutum* hins vegar greinilega andlag sagnarinnar *varðveita* en þrátt fyrir það kemur hann á milli

⁷ Sjá nánar um tilbrigði í orðaröð í sagnliðum hjá Eiríki Rögnvaldssyni 1994-95.

⁸ Í þessari ritgerð er venjan sú að skrifa stafrétt upp eftir handritum (sjá um aðferðir við uppskriftir hjá Guðvarði Má Gunnlaugssyni 2003). Þar sem í þessum dæmum er einungis verið að sýna breytilega stöðu nafnliða er sú regla brotin til skýrleiksauka fyrir lesandann og stafsetning færð til nútímahorfs.

persónubeygðu sagnarinnar og frumlagsins. Orðaröð í forníslenskum aðalsetningum er því ekki hægt að nota sem frumlagspróf eins og í nútímaíslensku. Þar sem andlag getur komið fyrir í þessari stöðu er þess ekki heldur að vænta að umröðun sagnar og frumlags sé nothæft frumlagspróf. Miðað við orðaröðina í (11) ætti því að vera hægt að mynda *já/nei*-spurningu í forníslensku þar sem andlagið kæmi á undan frumlaginu.

Orðaröð í aukasetningum hefur hins vegar reynst marktækt frumlagspróf þar sem frumlag virðist hafa staðið á undan andlagi í forníslensku eins og í nútímaíslensku (Eiríkur Rögnvaldsson 1996:58):

- (12)a. En ef **honum** þykja á því óhægindi þá farið þér hingað. (Droplaugarsona saga 1985:77)
b. Nú skuluð þér segja honum þau mín orð að eg mun verja oddi og eggju Noreg meðan **mér** endast lífdagar til. (Ólafs saga helga 1991:412)

Í dæmum eins og í (12) er hins vegar ekki von á að andlagið geti staðið á undan frumlaginu og því eiga slík dæmi að vera gilt frumlagspróf í forníslensku. Ef feitletruðu liðirnir væru andlög ættu þeir ekki að geta verið í frumlagssæti.

Andlæg frumlagslyfting (e. *subject-to-object raising*) virðist einnig vera gilt próf í forníslensku en þá er sá nafnliður eins og andlag sagnar í aðalsetningu sem samsvarar frumlagi í nafnháttarsetningu. Dæmi um andlæga frumlagslyftingu er sýnt í (13b) (Eiríkur Rögnvaldsson 1996:59):

- (13)a. Ég tel [að **Sveinn** hafi lesið bókina].
b. Ég tel [**Svein** hafa lesið bókina].

Það sama gerist þegar um aukafallsfrumlög er að ræða, jafnt að fornu sem nýju (Eiríkur Rögnvaldsson 1996:59-60):

- (14)a. Ég tel [**Sveini** leiðist bókin].
b. *Ég tel [**bókina** leiðast Sveini].
c. Gunnar sagði **sér** það vera nær skapi. (Njáls saga 1985:159)

Aukafallsliðir í fornmáli birtast á sama stað í andlægrri frumlagslyftingu og samsvarandi liðir í nútímamáli. Í (14b) er þetta sýnt með sögninni *leiðast* í nútímamáli en aukafallsliður með *vera* virðist hegða sér eins í fornmáli, sbr. (14c).

Í frumlægri frumlagslyftingu (e. *subject-to-subject raising*) flyst frumlag fallsetningar í frumlagssæti móðursetningarinnar. Hins vegar er ekki hægt að flytja andlag í frumlagssæti móðursetningar. Dæmi um þetta úr nútímaíslensku eru sýnd í (15):

- (15)a. Virðist **Páll**_i [_i óttast hristinginn]?
- b. *Virðist **hristinginn**_i [Páll óttast _i]?
- c. Virðist **Páli**_i [_i leiðast hristingurinn]?
- d. *Virðist **hristingurinn**_i [Páli leiðast _i]?

Í (15) er notuð *já/nei*-spurning af því að í þeim verður frumlagið að vera í frumlagssæti (með umröðun sagnar og frumlags) og það útilokar því að feitiletraði liðurinn sé kjarnafært andlag. Í (15c) sést að aukafallsliðurinn *Páli* hegðar sér eins og nefnifallsfrumlagið *Páll* í (15a) og að ekki er hægt að flytja andlag í frumlagssætið (sbr. (15b,d)). Spor eftir færsluna er sýnt með eyðu og vísun (e. *indices*) sem sýna samvísun á milli nafnliða (þ.e. liðir merktir með _i vísa saman, liðir merktir með _j vísa saman, o.s.frv.).

Í (16) eru sýnd samsvarandi tæk dæmi úr forníslensku. Með sögninni *kveðast* sést að í forníslensku er hægt að flytja aukafallsfrumlög í frumlagssæti móðursetningarinnar á sama hátt og í dæmi (15) (dæmi (16b) frá Eiríki Rögnvaldssyni 1996:62):

- (16)a. **Árni** kvaðst það vilja mundu. (Svínfellinga saga 1988:565²⁰)
- b. **Árna** kvaðst það illt þykja. (Svínfellinga saga 1988:565¹⁶)

Aukafallsliðurinn *Árna* í (16b) hegðar sér eins og nefnifallsfrumlagið *Árni* í forníslensku. Þar sem engin ótæk dæmi eru í forníslenskum textum er ekki hægt að sýna eins og í (15) að andlag geti ekki staðið í frumlagssæti í setningum á borð við (16b). Slík dæmi koma hins vegar ekki fyrir og því er gert ráð fyrir að þau hafi verið ótæk í forníslensku eins og nú er (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1996 og Jóhönnu Barðdal og Thórhall Eythórsson 2003).

Síðasta frumlagsprófið sem hér er til umfjöllunar eru svonefnd PRO-frumlög.⁹ Með því er átt við að rökliður í nafnháttarsetningum er ósagður en það er hægt því aðeins að rökliðurinn sé frumlag. Dæmi um þetta eru sýnd í (17)-(18) (sbr. Jóhönnu Barðdal og Thórhall Eythórsson 2003:456):

- (17)a. **Sveinn**_i rakar sig_i ekki.

⁹ PRO stendur fyrir *pronoun* 'fornafn' og er notað um ósagt fornafn sem vísar til annars nafnliðar í setningunni.

b. **Sveinn**_i lofaði að PRO_i raka sig_i ekki.

Í (17b) er PRO-frumlagseyða sem vísar til frumlags móðursetningarinnar. Eyðan getur hins vegar ekki vísað til andlags eins og sýnt er í (18):

(18)a. ***Sveinn**_i lofaði að hann_j raka PRO_j ekki.

b. ***Sveinn**_i lofaði að PRO_j raka PRO_j ekki.

Í (18) vísa eyðurnar til andlagsins *hann* (táknad með *j*) og því eru setningarnar ótækar. Af dæmunum er því hægt að draga þá ályktun að PRO-frumlagseyður séu gilt frumlagspróf í nútímaíslensku. Aukafallsfrumlög hegða sér einnig á sama hátt bæði í nútímamáli og fornmáli (Jóhanna Barðdal og Thórhallur Eythórsson 2003:457-458):

(19)a. **Sveinn**_i kvaðst aldrei PRO_i hafa vantað peninga. (nútímaíslenska)

b. **Þiðrandi**_i kvaðst PRO_i gruna hversu ... (Gunnars þáttur Þiðrandabana 1986:2138)

Í dæmi (19a) er nafnliðurinn *peninga* ótvírætt andlag og því er nafnliðurinn *Sveinn* frumlag. Í (19b) sést greinilega að þar er PRO-frumlagseyða en ekki frumlagslyfting þar sem nafnliðurinn *Þiðrandi* er í aukafalli en ekki í nefnifalli (sbr. dæmi (16b)). Í báðum dæmunum í (19) er aukafallsfrumlagið *sig/sik* ónefnt og PRO vísar til frumlags móðursetningarinnar (*Sveinn/Þiðrandi*). Á meðan ekki finnast dæmi um að PRO vísi til andlags í forníslensku virðist prófið gilda þar eins og í nútímamáli.

2.2 Þágufallssýki í nútímamáli

Í nútímaíslensku gætir nokkuð ríkrar tilhneigingar til þess að nota þágufall í stað upprunalegs þolfalls á frumlögum með tilteknum sögnum og hefur sú tilhneiging gengið undir nafninu þágufallssýki. Breytilegt frumlagsfall þar sem hins vegar kemur fram greinilegur merkingarmunur á þolfalli og þágufalli getur ekki talist þágufallssýki.¹⁰ Dæmi um breytileika milli þolfalls og þágufalls í sömu merkingu eru sýnd með sögninni *langa* í (20) og *vanta* í (21):

(20)a. **Mig** langar til útlanda.

b. **Mér** langar til útlanda.

¹⁰ Með þessum fyrirvara er átt við dæmi á borð við *mig sviður í sárið* ‘finna fyrir sársauka’ andspænis *mér sviður þetta illa umtal* ‘sárna e-ð’ þar sem greinilegur merkingarmunur er á þolfalli og þágufalli. Til þess að hægt sé að tala um þágufallssýki með *sviða* þarf breytileikinn að koma fram í sömu merkingu í stað upprunalegs þolfalls: *mig/mér sviður í sárið*.

(21)a. **Pál** vantar flugmiða.

b. **Páli** vantar flugmiða.

Í máli sumra er valfrelsi milli þolfalls og þágufalls en aðrir málhafar velja annaðhvort þolfall eða þágufall með sögnunum. Til marks um að setningarnar séu jafngildar í máli sumra eru fjölmörg dæmi þess að þolfall og þágufall sé notað með sögnunum hjá sama málhafa með stuttu millibili. Dæmi eru sýnd með sögninni *langa* í (22):

(22)a. ... syninum fannst aftur á móti að það sé allt í lagi að það sé verkfall en **honum** langar samt í skólann. Það er ekki mikið sem **mig** langar til að skrifa um núna. (<http://smsdagbok.blogspot.com/2004/10/hmlur-nnur-mlefni.html>)

b. Það er að **mig** langar að verða svona sittlítið af hvoru, ekkert bara eh eitt!! **Mér** langar bara að taka kúrsa í hinu og þessu og geta gert svo margt. (<http://blog.central.is/diza>)

Ein hugsanleg skýring á breytileikanum í dæmunum í (22) er sú að málhafar viti að amast er við þágufallssýki. Fyrsta persóna eintölu er einmitt oft tekin sem dæmi: *mig langar* er talið betra en *mér langar*. Með því móti væri hægt að skýra dæmið í (22a) þar sem þolfallsliðurinn er frumlag í fyrstu persónu en þágufallsliðurinn í þriðju persónu. Í (22b) er hins vegar um sömu persónu að ræða í báðum tilvikum, fyrstu persónu eintölu, og því virðist sá málhafi ekki gera upp á milli persóna. Enn skýrara dæmi um að málhafar velji eitthvert annað fall en þeim er samt að nota eru dæmi á borð við (23):

(23) **Mig** langar **sjálfum** að forðast svona allsherjaruppgjöf eins og appelsínugulu bólu Samfylkingar. (<http://sus.is/greinar/nr/668>)

Í (23) er eins og frumlagið sé í raun bæði í þolfalli og þágufalli. Í slíkum dæmum er líklegast að málhafar setji þolfall í stað þágufallsins á persónufornafninu *mig/mér* en átti sig ekki á að fornafnið *sjálfum* þarf einnig að vera í þolfalli.¹¹ Þar sem slík dæmi koma fyrir virðist þolfall vera tillært (a.m.k. hjá sumum málhöfum) en að þágufallið sé málhöfunum eðlilegt.

Þágufallssýki kemur ekki upp með öllum sögnum sem geta staðið með frumlagi í þolfalli eins og þegar hefur komið fram. Skýringin á því að þágufallssýki kemur aðeins fram með tilteknum sögnum felst í svonefndum merkingarhlutverkum (e. *thematic roles*). Áður var

¹¹ Engin dæmi finnast með leitarvélum á netinu um hið gagnstæða, þ.e. að t.d. *mig* standi í þágufalli og *sjálfum* í þolfalli: *Mér langar sjálfan*.

minnst á að sagnirnar táknuðu skynjun eða vöntun en frumlögin sem þær standa með eiga það sameiginlegt að hafa merkingarhlutverkið skynjandi (e. *experiencer*).¹²

Skynjandi táknar þann sem finnur eitthvað á sjálfum sér eða upplifir tilfinningu án þess að vera virkur gerandi og verður því að vera lifandi vera. Frumlög sem eru skynjendur koma fyrir í nefnifalli, þolfalli og þágufalli og í íslensku eru þeir yfirleitt frumlög eins og sýnt er í (24):

- (24)a. **Páll** elskar Maríu.
b. **Mig** langar til útlanda.
c. **Jóni** líkar þessi bók mjög vel.

Þágufallssýki kemur einungis upp með sögnum sem taka með sér skynjandafrumlög í þolfalli en ekki með sögnum sem taka með sér nafnliði sem eru þemu (e. *theme*). Þema er hægt að hafa um það sem færast úr stað með hreyfingarsögnum og það sem er staðsett einhvers staðar. Það er einnig notað til að tákna þann sem verður fyrir einhvers konar breytingu af völdum þess verknaðar eða atviks sem sögnin lýsir.¹³ Bæði nefnifalls- og aukafallsfrumlög geta haft merkingarhlutverkið þema en aukafallsþemu hafa tilheingingu til þess að fá nefnifall. Dæmi um slíkan breytileika eru sýnd í (25):

- (25)a. **Mjólkina** ystir → **mjólkin** ystir.
b. **Tillöguna** dagaði uppi → **tillagan** dagaði uppi.
c. **Manninn** rekur á rúmsjó → **maðurinn** rekur á rúmsjó.

Aftur á móti eru engin dæmi um að þemafrumlög í þolfalli sýni breytileika milli þolfalls og þágufalls eins og með skynjandafrumlögum:

- (26)a. **Mjólkina** ystir → ***mjólkinni** ystir.
b. **Tillöguna** dagaði uppi → ***tillögunni** dagaði uppi.
c. **Manninn** rekur á rúmsjó → ***manninum** rekur á rúmsjó.

Breyting af því tagi sem sést í dæmum (25) og (26) hefur verið nefnd „nefnifallssýki“ þar sem breytileikinn er allur í þá átt að ryðja burt aukafallsfrumlögum. Breytingin gengur því í öfuga

¹² Skilgreiningar á merkingarhlutverkunum eru sóttar í *Handbók um málfræði* (sjá Höskuld Þráinsson 1995 en þar er merkingarhlutverkið *skynjandi* nefnt *reynandi*) og stuðst er við Jóhannes Gísla Jónsson 1997-98.

¹³ Stundum er seinni skilgreiningin eingöngu höfð um þolanda. Aðgreining þessara merkingarhlutverka skiptir ekki máli í umfjölluninni hér á eftir og því verður hvort tveggja kallað þema.

átt við þágufallssýki þar sem með sögnum sem taka þemafrumlag standa bæði þolfall og þágufall höllum fæti andspænis nefnifalli. Með sögnum sem taka þolfallsskynjendur er þágufall hins vegar að vinna á.

2.2.1 Formgerðarfall og orðasafnsfall

Þegar rætt er um föll skiptir máli hvort um er að ræða formgerðarfall (e. *structural case*) eða orðasafnsfall (e. *lexical case*). Munurinn á þessu tvennu felst í því að formgerðarfalli er úthlutað eftir setningafræðilegri stöðu nafnliðarins þar sem nefnifall er fall á frumlögum og þolfall er fall á andlögum. Orðasafnsfall ræðst hins vegar af sjálfri sögninni en ekki stöðu hennar innan setningarinnar (sbr. Yip, Maling og Jackendoff 1987). Þannig er þolfall til að mynda orðasafnsfall á frumlagi en formgerðarfall á andlagi (sjá t.d. Zaenen, Maling og Höskuld Thráinsson 1985 og Jóhannes Gísli Jónsson 1997-98).

Helstu rök fyrir skiptingu í formgerðarfall og orðasafnsfall er fallmörkun nafnliða í þolmyndarsetningum. Þegar um formgerðarfall er að ræða fylgir fall nafnliða stöðu þeirra innan setningarinnar þannig að formgerðarfall andlaga (þolfall) birtist í formgerðarfalli frumlaga (nefnifalli) eins og sýnt er í (27):

(27)a. Ég las **bókina**.

b. **Bókin** var lesin.

Þegar um orðasafnsfall er að ræða hefur staða nafnliðar innan setningarinnar hins vegar engin áhrif á fallmörkunina og orðasafnsfallið (þágufall með sögninni *henda*) helst óbreytt:

(28)a. Ég henti **bókinni**.

b. **Bókinni** var hent.

Orðasafnsfalli er hægt að skipta nánar í reglufall (e. *thematic case*) og furðufall (e. *idiosyncratic case*). Reglufall á nafnlið tengist tiltekinni merkingu en furðufall er fall sem málhafar verða að læra sérstaklega. Málnotandinn getur því felld sagnir sem taka með sér nafnliði í reglufalli undir ákveðna reglu í málinu en furðufall er hins vegar fullkomlega óreglulegt. Slík aðgreining skiptir verulegu máli ef gera á grein fyrir því af hverju málhafar nota frekar þágufall í stað upprunalegs þolfalls með skynjandafrumlögum og hvers vegna þolfalls- og þágufallsfrumlög sem eru þemu hafa tilhneigingu til að fá nefnifall.

Með sögnum sem taka skynjandafrumlag er þágufall reglufall en þolfall með slíkum sögnum er hins vegar furðufall (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson 1997-98:21). Dæmi um reglufall er sýnt í (29a) og í (29b) er sýnt hvernig furðufall verður reglufall:

(29)a. **Mér** finnst gaman í útlöndum.

b. **Mig** langar til útlanda → **mér** langar til útlanda.

Þágufallssýki má því lýsa á þann veg að furðufall á skynjandafrumlögum víki fyrir reglufalli. Af sögnum sem taka aukafallsfrumlög mynda þágufallssfrumlög stærsta flokkinn en flokkur sagna með þolfallsfrumlagi er umtalsvert minni (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson 1997-98 og 2003). Þrátt fyrir að flokkur sagna með þágufallsfrumlagi sé stærri blasir hins vegar ekki við hvers vegna furðufall ætti að víkja fyrir reglufalli. Í (24) voru sýnd dæmi um skynjandafrumlög þar sem kom fram að sögnin *elska* tekur með sér nefnifallsfrumlag. Sú spurning hlýtur því að vakna hvers vegna þolfallsfrumlög skuli ekki hafa tilhneigingu til að fá formerðarfall frumlaga, nefnifall.

Skynjendur í nefnifalli eru alls ekki lítill flokkur sagna. Í nýlegri athugun á dreifingu frumlagsfalla í íslensku sést að frumlagsfall er nefnifall í 93,9% tilvika en ekki nema í 4,7% tilvika þágufall, í 1,2% tilvika þolfall og í 0,2% tilvika eignarfall (Jóhanna Barðdal 2001:89). Af tíðni fallanna virðist því eðlilegast að telja að frumlög í aukafalli ættu að víkja fyrir nefnifalli. Ef litið er á merkingarhlutverkin kemur í ljós að skynjandi er alltaf frumlag og að skynjandi er í nefnifalli í 57,2% tilvika, í þágufalli í rúmlega 33,3% tilvika og í þolfalli í tæplega 9,5% tilvika (Jóhanna Barðdal 2001:91).

Jóhannes Gísli Jónsson (2003) álitur að ástæður þess að skynjandafrumlög í aukaföllum sýni ekki tilhneigingu til þess að verða nefnifallsfrumlög séu merkingarlegir þættir sem haldi sögnum með skynjandafrumlagi í nefnifalli aðgreindum frá öðrum skynjandasögnum. Annars vegar er sett fram sú fullyrðing að aukafallsfrumlög komi ekki fram með skynjandasögnum sem tákna sterkar jákvæðar tilfinningar og hins vegar að aukafallsfrumlög komi ekki fram með skynjandasögnum sem í grunnmerkingu taka með sér andlög sem tákna lifandi verur. Tilgátan felur því í sér að kerfisbundinn munur sé á skynjandasögnum með aukafallsfrumlagi og nefnifallsfrumlagi.

Sagnirnar *elska*, *langa* og *líka* í (24) endurspeglar vel þennan mun. Sögnin *elska* tekur með sér nefnifallsfrumlag og táknar sterka jákvæða tilfinningu og andlag hennar er lifandi vera. Sagnirnar *langa* og *líka* fela í sér jákvæðar tilfinningar en tilfinningin er ekki eins sterk og með *elska* auk þess sem andlag sagnarinnar *langa* getur ekki verið lifandi vera. Önnur

dæmi um nefnifallssagnir renna einnig stoðum undir þessa tilgátu, t.d. sagnirnar *dá*, *dýrka*, *tilbiðja* og *unna* sem taka með sér andlag sem er lifandi vera. Tilgátan skýrir einnig hvers vegna tilhneiging er í nútímaíslensku í þá átt að sagnirnar *kvíða fyrir* og *hlakka til* taki með sér frumlag í þolfalli eða þágufalli í stað upprunalegs nefnifalls. Hvorug sagnanna táknar mjög sterka tilfinningu og þær taka ekki með sér andlag sem er lifandi vera. Dæmi um þetta er sýnt með sögninni *hlakka til* í (30):

(30) **Ég hlakka** til sumarfrísins → **mig/mér** hlakkar til sumarfrísins.

Hér er ekki ástæða til að ræða náíð um ástæður þess að bæði komi fram þolfall og þágufall með sögninni *hlakka til* (og *kvíða fyrir*) í nútímamáli. Að slík breyting skuli koma upp með þeim sögnum en ekki með sögnum með nefnifallsskynjendum yfirleitt bendir til þess að fyrrnefnd merkingarfræðileg skýring sé rétt. Tilbrigðin í (30) sýna einnig að ekki er einungis hægt að gera ráð fyrir að upp komi þágufallssýki með skynjandasögnum heldur að gera megi ráð fyrir samskonar breytileika með þolfalli, einhvers konar „þolfallssýki“.

2.2.2 Upprunalegt fall

Í umræðu um þágufallssýki hér á undan var þágufallssýki skilgreind á þann hátt að þágufall væri notað í stað *upprunalegs* þolfalls. Í því felst einnig að þágufall með þeim sögnum sé nýjung. Það sem er upprunalegast er því jafnframt það sem er elst og í íslensku hlýtur upprunalegt fall með sögn því að vera það fall sem notað er í forníslenskum textum.

Sögnin *klæja* í merkingunni ‘finna fyrir kláða’ kemur í viðurkenndri nútímaíslensku fyrir með skynjanda í þolfalli og skynjandi í þágufalli væri álitinn til marks um þágufallssýki.¹⁴ Í *Íslensk-danskri orðabók* (ÍDO) og *Íslenskri orðabók* (ÍO) er sögnin sýnd með þolfalli í merkingunni ‘finna fyrir kláða’ en þágufall er þó einnig gefið upp í yfirfærðri merkingu: *e-m klæja lófarnir* ‘langa til að gera e-ð’. Í latnesku orðabókinni *Nucleus Latinitatis* frá fyrri hluta 18. aldar er *klæja* sýnd með þágufallsfrumlagi og í forníslensku virðist þágufall eingöngu koma fyrir, sbr. dæmi (31)-(33):

(31) Vm kuellit, er þeir gingu fra baðe, mælti Sęmundr við konv þa, er honum þerðe, at hon skyllde gnua þurkunne vm hals honum sem fastaz, »þvi at **mer** kleyiar þar miøc«

¹⁴ Í *Málvarsbanka* Íslenskrar málstöðvar á netinu segir t.d. um sögnina *klæja* að hún standi með frumlagi í þolfalli. Vísað er áfram á umfjöllun um sagnir með aukafallsfrumlagi þar sem segir: „Það er nokkur tilhneiging til að hafa frumlag í þágufalli með sumum sögnum þar sem frumlagið ætti samkvæmt gamalli hefð að vera í þolfalli“. Með þessu er ýjað að því að þolfall sé upprunalegt með *klæja*.

(Sturlunga saga 1911:124⁹ [≈1350-1370])¹⁵

(32) En aðr hann tæki til matarins, þa kleyiaði **honum** hinn minnztí fingr aa hinni hægri hendi framanverðr, því næst kom þar vpp bola ok þa blaðra, þa spreingði hann blavðrvna, ok for þar ýtt kavngvrvafvan, ok var þa eptir drogir eitrsinns i holldinv.

(Maríu saga I 1871:153¹⁷ [≈1340])¹⁶

(33) enða væri þat eigi fiarri, at hann reynði, hvart ver kynim nacqvad fleira at vinna enn gera vp bvþina Þorgils, því at nu klæia **oss** lofarnir. (Sturlunga saga 1911:40¹⁷)¹⁷

Í dæmum (31) og (32) kemur sögnin *klæja* (eða *kleyja*) greinilega fyrir með skynjanda í þágufalli og nefnifallsandlagi í merkingunni ‘finna fyrir kláða’. Í (33) er hins vegar um að ræða sömu yfirfærðu merkingu og í nútímamáli en í því dæmi er fall skynjandans strangt tekið óljóst. Nefnifallsandlag bendir hins vegar sterklega til þess að skynjandinn sé í þágufalli.

Af dæmunum í (31)-(33) sést því að ekki er hægt að ganga að því sem vísu að þolfall sé alltaf hið upprunalega fall með sögnum sem sýna breytileika milli þolfalls og þágufalls í nútímamáli. Ef upprunalegt fall á að vera rök fyrir því hvað er rétt og hvað rangt í íslensku er ljóst að þágufall á skynjanda með *klæja* er í raun og veru ekki dæmi um þágufallssýki.

2.2.3 Þágufallssýki í máli barna

Sú skýring að kerfisbundinn merkingarmunur sé á sögnum með skynjandafrumlagi í nefnifalli andspænis aukaföllum er í samræmi við hugmyndir um orsakir málbreytinga innan málkunnáttufræði (e. *generative grammar*) þar sem málbreytingar eru raktar til barnamáls. Talað er um þrjú stig sem börn ganga í gegnum í máltökunni (sjá t.d. Fromkin, Rodman og Hyams 2003:360-363). Á fyrsta stigi tileinka börnin sér ákveðin orð án þess að gera sér grein fyrir því kerfi sem liggur þar að baki. Á því stigi geta börn til dæmis sagt *datt* ef eitthvað dettur og því kann að virðast sem þau þekki sterka þátíð sagnarinnar *detta*. Fyrir börnum á fyrsta stigi er *datt* hins vegar einungis stakt orð í orðasafni þeirra en ekki þátíðarmynd sagnarinnar *detta*.

¹⁵ Aðalhandrit útgáfu er AM 122 a fol. (Króksfjarðarbók, ≈1350-1370) en fyllt er upp í textann með AM 122 b fol. (Reykjarfjarðarbók, ≈1375-1400). Dæmið kemur eins fyrir í AM 122 b fol. að öðru leyti en því að *honum þerðe* er þar *honum þjónaði* og *at hón skyllði gnúa þurkunn* um háls *hónum sem fastast* er þar bein ræða *gnú þú um háls mér þerrunni*. Sjá nánar um aðferðir við að vitna í texta og handrit í kafla 3.4.

¹⁶ Aðalhandrit þessarar útgáfu er AM 234 fol. (≈1340) þar sem fram kemur að jarteinin sem dæmið er úr sé eingöngu varðveitt þar.

¹⁷ Dæmið hefur verið staðfest með þágufallsfrumlagi í útg. Guðbrands Vigfússonar (Sturlunga saga 1878:35⁶).

Á öðru stigi máltökunnar fer barnið aftur á móti að mynda reglur um það hvernig t.d. sagnir mynda þátíð. Þá lærir íslenskt barn að hægt er að mynda þátíð með því að bæta *-ði* við sögnina og þá reglu alhæfir það með öllum sögnum. Á öðru stigi er þátíð sagnarinnar *detta* því *dettaði* þrátt fyrir að barnið hafi trúlega aldrei heyrt nokkurn í sínu umhverfi nota sögnina í veikri beygingu (sjá t.d. Hrafnhildi Ragnarsdóttur 1998). Barnið lærir þessa reglu um þátíðarmyndun með viðskeytinu *-ði* vegna þess að hún er regluleg leið til þess að mynda þátíð. Sterk beyging sagna er hins vegar óregluleg og hana lærir barnið ekki strax.

Á þriðja stigi lærir barnið að undantekningar eru frá reglunni um þátíð með *-ði* og þá fyrst er von á að það myndi rétta þátíð með sterku sögninni *detta*. Til þess að barnið geti áttað sig á að reglan um *-ði* gildi ekki með öllum sögnum þurfa sagnir sem mynda þátíð á annan hátt að koma nægilega oft fyrir. Sé sögn mjög óalgeng eru miklar líkur á að barnið læri ekki að mynda af henni rétta þátíð. Ef barninu tekst ekki að læra rétta þátíð er kominn vísir að málbreytingu þar sem sterk sögn verður veik. Í íslensku eru dæmi um að sagnir sem áður höfðu sterka þátíð séu nú veikar, til dæmis sögnin *bjarga* sem áður hafði sterka þátíð: *bjarga-barg-burgum-borgið*. Hún hefur því ekki verið nægilega algeng til þess að börn áður fyrr gætu lært hana og því alhæfðu þau veiku beyginguna.

Þar sem börn alhæfa það í málinu sem er reglulegast má búast við að börn á máltökuskeiði noti frekar formgerðarfall en orðasafnsfall með sögnum með aukafallsfrumlagi. Athuganir á barnamáli hafa sýnt að nefnifall er það fall sem börn læra fyrst en þau eru hins vegar lengur að ná tökum á aukafallsfrumlögum. Eftir að hafa lært formgerðarfall læra þau reglufall en furðufall læra þau hins vegar síðast (sbr. Herdísí Þuríði Sigurðardóttur 2002 og Ragnheiði Björgvinsdóttur 2003).¹⁸ Þessi munur á föllum eru sterk vísbending um að skipting í formgerðarfall og orðasafnsfall eigi rétt á sér og einnig að orðasafnsfalli megi skipta í reglufall og furðufall. Í athugun Ragnheiðar kom t.d. fram að í máli fjögurra til fimm ára barna velja 51,8% þeirra nefnifall með sögninni *langa*, 39,3% velja þágufall en aðeins 7,1% velja þolfall. Með þeim þolfallssögnum sem voru athugaðar (þ.e. *dreyma*, *klæja*, *svima*, *vanta*, *langa* og *kitla*) var hlutfall þolfalls að meðaltali tæp 3,6%, hlutfall þágufalls tæp 30,7% en hlutfall nefnifalls tæp 65,2%.¹⁹

¹⁸ Athuganir á máltöku þýskra barna gefa svipaða niðurstöðu. Þýsk börn alhæfa í fyrstu formgerðarfall á aukafallsliðum og þolfall á andlögum læra þau á undan þágufallsandlögum rétt eins og í íslensku (sbr. Clahsen, Eisenbeiss og Vainikku 1994).

¹⁹ Svipuð niðurstaða kom fram hjá Herdísí nema þar virtust börnin nota þágufall meira á kostnað nefnifalls en í könnun Ragnheiðar.

Staða þágufallssýki í máli eldri barna hefur verið könnuð í nútímamáli og ber þar fyrst að nefna viðamikla könnun sem gerð var í upphafi 9. áratugarins á um tvö hundruð ellefu ára börnum úr öllum landshlutum (sjá Ástu Svavarsdóttur 1982). Í athuguninni kom fram að þágufallssýki var mjög algeng í þeim aldurshópi en hún leiddi í ljós að þágufallssýki var algengari með frumlagi í þriðju persónu en fyrstu persónu. Athugunin sýndi einnig að þágufallssýki var mismikil eftir sögnum.

Nýlegri könnun var gerð haustið 2001 á stærra úrtaki en hjá Ástu eða á rúmlega 900 ellefu ára börnum (sjá Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhall Eyþórsson 2003). Sú könnun leiddi í ljós að þágufallssýki hefur aukist frá því að könnun Ástu var gerð. Eins og í könnun Ástu var þágufallssýki mismikil eftir sögnum og hún var minnst með sögnunum *gruna*, *dreyma* og *minna*. Líkleg ástæða fyrir því að þær sagnir sýna minni breytileika en aðrar er að þær tákna hvorki líkamlega né andlega tilfinningu. Þágufallssýki er algengust með sögnum sem tákna tilfinningar eins og til dæmis *svima*, *svíða* og *kitla* (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhall Eyþórsson 2003).

Tilhneigingar í máli barna geta því gefið sterkar vísbendingar um hugsanlegar málbreytingar í tungumálum því að málbreyting felst fyrst og fremst í því að barni mistekst að tileinka sér nákvæmlega sama mál og eldri kynslóðir. Þar sem börn eiga auðveldast með að læra formgerðarfall eru talsverðar líkur á að orðasafnsfall lærist mjög seint og jafnvel að börn læri það alls ekki með sumum sögnum. Þó að barni mistakist að læra að sagnirnar *langa*, *gruna* og *dreyma* standi með frumlagi í þolfalli er hins vegar ekki þar með sagt að sú breyting nái að breiðast út til alls málsamfélagsins.

Þágufallssýki í máli barna er fullkomlega eðlilegt fyrirbrigði í ljósi þess að börn læra fyrst það sem er reglulegast og algengast í málinu. Þar sem kannanir á nútímamáli hafa staðfest að börn læra fyrst formgerðarfall og reglufall en furðufall síðast er annað nær útilokað en að þágufallssýki hafi verið í barnamáli í íslensku alla tíð, jafnt í forníslensku sem nútímamáli. Halldór Halldórsson (1982) komst að þeirri niðurstöðu í sögulegri athugun sinni á nokkrum sögnum með þolfallsfrumlagi að þágufallssýki hafi þegar komið fyrir í forníslensku í máli fullorðinna (sjá nánar í kafla 3.2) en hún virtist ekki verða algeng fyrr en á 19. öld.

Þegar rætt er um málbreytingar verður að gera greinarmun á málbreytingu í máli einstaklings og útbreiðslu málbreytingarinnar (sjá t.d. Lightfoot 1999:101-104). Þó að í forníslensku finnist dæmi um þágufallssýki er ekki hægt að draga þá ályktun að hún hafi verið algeng í máli fullorðinna né að hún ætti endilega eftir að útrýma þolfallsfrumlögum með skynjandasögnum. Það hvort eða hvernig málbreyting breiðist út er fyrst og fremst háð félagslegum þáttum. Dæmi um þágufallssýki í forníslenskum texta sannar aðeins að sömu

tilhneigingar hafi verið í barnamáli í forníslensku og nútímaíslensku og í raun kæmi á óvart ef engin slík dæmi myndust í svo líkum tungumálum. Einnig væri von á að finna þágufallssýki í máli barna í öðrum tungumálum sem hafa svipað fallakerfi og íslenska, t.d. í færeysku í öðrum skyldum formálum með ríkulega fallbeygingu á borð við fornensku og fornsænsku.

2.3 Breytileiki í fallmörkun í öðrum málum

Breytileiki í fallmörkun er alls ekkert sérkenni á íslensku. Til dæmis kemur fram breytileiki milli nefnifalls og þágufalls á frumlögum í færeysku en þar virðast þolfallsfrumlög hins vegar nærri því vera horfin (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson og Thórhall Eythórsson 2005). Ólíkt íslensku eru öll aukafallsfrumlög í færeysku skynjendur og frumlög sem eru þemu koma öll fyrir með þolfalli (sbr. Petersen 2002). Dæmi um breytileika í færeysku milli nefnifalls og þágufalls á skynjanda er sýnt í (34) og dæmi um þágufall með sögn sem tekur þolfall í viðurkenndri íslensku er sýnt í (35) (Höskuldur Thráinsson, Petersen o.fl. 2004:228):

- (34)a. **Teimum**^(bgf) dámdi hendan filmin øgiliga væl. ('Þeim líkaði þessi mynd mjög vel')
- b. **Teir**^(nf) dámdu hendan filmin øgiliga væl.

- (35)a. **Mær**^(bgf) vantar ein bil. ('Mig vantar bíl')
- b. ***Meg**^(bf) vantar ein bil.
- c. ***Eg**^(nf) vanti ein bil.

Staða aukafallsfrumlaga er því önnur í færeysku þar sem meiri tilhneiging er til þess að þágufallsfrumlög verði að nefnifallsfrumlögum en í íslensku (sbr. t.d. Jóhannes Gísli Jónsson og Thórhall Eythórsson 2003 og 2005). Athugun á máli fullorðinna sýndi til dæmis að nefnifall hafði nær alfarið leyst þolfall (og þágufall) af hólmi með sögnunum *gruna*, *droyma* og *minnast*. Með *tørva* og *dáma* er þágufall hins vegar enn mjög sterkt (um 95-97% þágufall) en með *tykja*, *leingjast* og *lukkast* hefur nefnifall talsvert sterka stöðu (um 22-27%) þó að þágufall sé algengast (um 71-75%).

Í þýsku kemur einnig fram breytileiki milli nefnifalls, þolfalls og þágufalls eins og sýnt er í dæmi (36) (Smith 1994:680-681):

- (36)a. **Ich**^(nf) schaudere vor Bären. ('Mig hryllir við björnum')
- b. **Mich**^(bf) schaudert vor Bären.
- c. **Mir**^(bgf) schaudert vor Bären.

Í (36) er einungis um breytilega fallmörkun að ræða en enginn munur er á merkingu setninganna, ekki frekar en í færeysku og íslensku.

Í fornensku kemur einnig fram breytileiki milli þolfalls og þágufalls í falli á skynjanda og milli aukafalla og nefnifalls (sjá t.d. Gaaf 1904 og Allen 1995). Sýnd eru dæmi um breytileika milli þolfalls og þágufalls með sögninni *hreowan* ‘harma’ í (37), með *langian* ‘langa’ í (38) og *mætan* ‘dreyma’ í (39) (Gaaf 1904:5-9):²⁰

(37)a. **Him**^(bgf) þæt ne hreoweð æfter hingonge.

b. ða **mec**^(bf) ongon hreowan þæt min hondgeweorc on feonda geweald feran sceolde.

(38)a. **Mec**^(bf) longade.

b. **him**^(bgf) on hreðre ... æfter deorum men dyrne langað.

(39)a. Gif he secge ðæt **him**^(bgf) mætte swefen.

b. Hit gelamp ðæt **hine**^(bf) mætte.

Í fornsænsku kemur fram breytileiki milli þolfalls og þágufalls og einnig aukafalla og nefnifalls eins og í fornensku (sjá t.d. Lindqvist 1912:81-83). Í dæmi (40) er sýndur breytileiki milli þolfalls og þágufalls með *lysta* í fornsænsku í textum frá um 1300 (Falk 1997:50):

(40)a. **gamblan karl**^(bf) lyste leka.

b. thz lyste **konungenom**^(bgf) wäl ath see.

Samanburður við önnur tungumál sýnir því svo ekki verður um villst að breytileiki í fallmörkun aukafallsliða (sem allir eru skynjendur í þeim dæmum sem tínd hafa verið til) er mjög eðlilegur í málum sem á annað borð hafa ríkulegar beygingar. Þágufallssýki í nútíma-íslensku er því í fullkomnu samræmi við hræringar í öðrum skyldum málum þó að þær hafi gengið yfir á misjöfnum tímum, á misjöfnum hraða og ekki alls staðar náð sömu útbreiðslu. Séu færeyska og íslenska borin saman að þessu leyti sést að færeyska er á góðri leið með að útrýma aukafallsfrumlögum en í íslensku er staða þágufallsfrumlaga enn ákaflega sterk. Þrátt fyrir það hafa færeyska og íslenska bæði varðveitt fallakerfi með fjórum föllum sem ætti að veita sömu skilyrði fyrir því að viðhalda a.m.k. þágufalli með skynjandasögnum.²¹

²⁰ Engar merkingarskýringar eru gefnar upp hjá Gaaf og því er ekki hægt að sýna merkingu fornensku dæmanna.

²¹ Staða eignarfalls er þó mun veikari í færeysku en í íslensku (sjá t.d. Thráinsson, Petersen o.fl. 2004:61-65).

3. Breytilegt frumlagsfall í forníslensku

3.1 Sagnir með þolfallsfrumlagi í forníslensku

Í kaflanum hér á undan hafa verið sýnd dæmi um breytileika milli meðal annars þolfalls og þágufalls í nútímaíslensku og öðrum málum þar sem í ljós kom að slíkur breytileiki er ekki óalgengur. Þar af leiðandi er viðbúið að finna einnig tilbrigði í fallmörkun aukafallsliða í forníslensku. Þær sagnir og sagnasambönd sem gátu tekið með sér frumlag í þolfalli eru sýndar í (41):²²

- (41) angra, ánægja, bíhaga, belgja, bera⁽¹⁾, bera⁽²⁾, bila, birta, bíða, blása, bresta, brjóta, brydda, byrja⁽¹⁾, byrja (upp)⁽²⁾, daga (uppi), deyfa, draga, drepa, dreyma, dökkva, enda, endrnýja, fá, fela, fella, fenna, festa, fjara, flæða, forvitna, frjósa, fylla, fýsa, gera, geta, girna, gleðja, greina á, gruna, grynna, hafa (út), harma, hefja⁽¹⁾, hefja (upp)⁽²⁾, heimta, henda, herða, heyra, hryggja, hungra, höfga, iðra, kala, kefja, keyra, knýta, kosta, kreppa, kveða, kvelda, kyrra, langa, langa til, leggja, leiða, lengja, lesta, leysa, líða, lysta, lýsa, lægja, minna, minnka, misminna, muna, nauðsynja, náttu, opna, ógleðja, ómætta, ónýta, ótta, reiða, reka, rifna, rjúfa, ryðja, rýma, ræsa, saka, setja, setja að, sjá, skaða, skemma, skilja, skilja á, skipta, skorta, slíta, slægja, stemma (uppi), steypa, stinga, stækka, stæra, sundla, svimra, syfja, sýna, sækja, taka, tíða, tíma, trega, ugga, undra, vanta, vara, varða, vatna, vekja upp, velgja, velkja, verpa, vilna, virkja, vægja, væna, vænta/vætta, þrjóta, þrota, þynna, þyrsta, æsa, öfunda.

Þar sem dæmi um sumar sagnirnar eru ákaflega fá og sumar sagnanna eru stakdæmi er erfitt ef ekki ómögulegt að greina á milli sagna og sagnasambanda. Slík aðgreining verður því ekki gerð.²³ Sagnirnar eru kallaðar þolfallssagnir vegna þess að þær geta tekið með sér frumlag í þolfalli. Með því orðalagi er ekki átt við að þar sé þolfall endilega upprunalegt fall. Eitt dæmi um þolfall með sögn sem annars tekur með sér þágufall nægir til þess að hún lendi á listanum í (41). Sögnin *byrja* ‘sæma, hæfa’ er dæmi um slíka sögn (sjá kafla 3.4.6). Allmörg dæmi eru

²² Upptalningin er aðallega unnin upp úr Fritzner (1896) og C&V (1874) en nánari grein er gerð fyrir aðferðum við dæmasöfnun í forníslensku í kafla 3.3. Merkingarnar ⁽¹⁾ og ⁽²⁾ tákna að sögnin komi fyrir í tvenns konar merkingu með þolfallsfrumlagi.

²³ Nánari upplýsingar um sagnirnar eru aftanmáls í viðauka þar sem merking þeirra er sýnd auk fjölda dæma um þær allar (en sjá þó einnig umfjöllun í 4. kafla hér á eftir).

um þágufall með henni en aðeins tvö dæmi um þolfall hafa fundist. Því ætti sennilega frekar að kalla *byrja* þágufallssögn.²⁴

3.2 Fyrri athuganir

Áður en lengra er haldið er rétt að nefna athugun Halldórs Halldórssonar (1982) á tilteknum sögnum sem jafnframt er eina athugun sem hefur verið gerð á breytileika í fallmörkun frumlaga í forníslensku. Athugun hans skiptist í tvennt, annars vegar í samtímalegan hluta en hins vegar sögulegan. Tilgangurinn með sögulegu athuguninni virðist hafa verið sá að fá staðfestingu á því að þolfall væri upprunalegt með þeim sögnum sem voru athugaðar í nútímamáli. Við val á sögnunum sem Halldór athugaði í forníslensku fór hann eftir því hvaða sagnir í nútímamáli sýndu merki um breytileika milli þolfalls og þágufalls á frumlögum. Halldór athugaði dæmi um 22 sagnir í *Lexicon Poeticum*, fornmálsorðabók C&V og Fritzners. Sagnirnar sem voru athugaðar eru sýndar í (42):

(42) bresta, dreyma, fýsa, gruna, hungra, iðra, kala, langa, lengja, lysta, minna, óra, skorta, sundla, svima, syfja, ugga, undra, vanta, verkja, þrjóta, þyrsta.

Niðurstaðan var sú að breytileiki milli þolfalls og þágufalls fyndist einungis með sögninni *skorta* í forníslensku og með *lysta* í fornorsku.²⁵ Dæmin um þágufall eru sýnd í (43) og (44) (Halldór Halldórsson 1982:174-175):

(43)a. EN allt þat er **honom** scortir i vm vættin. þa scal sa queðia til xii. quiðar Goða þan er sa er iþingi með er sottr er. (Grágás 1852:242)²⁶

b. EN alt þat er **honom** scortir i vm véttin. þa scal sa queþia til xii. quiðar Goða þan er sa er iþingi með er sottr er. (Grágás 1879:92)

(44) at þær leiþi æigi fyrirhugsapan glæp til þæirra lykta, sem þæim lyster.

(Thómass saga erkibiskups 1869:252)

Halldór gátaði þau dæmi sem hann sýnir í greininni með því að fara í útgáfurnar sem orðabækurnar vísa til. Dæmið um *lysta* segir hann vera úr norsku handriti sem norskur maður

²⁴ Auk þess kemur *byrja* (fe. *gebyrian*) aðeins fyrir með þágufalli í fornensku sem bendir til þess að þágufall með henni sé upprunalegt (sjá kafla 3.4.6).

²⁵ Í fornmálsorðabókum Fritzners og C&V er ekki gerður greinarmunur á forníslensku og fornorsku.

²⁶ Hjá Halldóri hafa orðið þau mistök í fyrra dæminu að orðin *sa er* hafa fallið niður og það er því leiðrétt hér til samræmis við útgáfuna.

skrifaði í lok 13. aldar en þýðingin sé þó hugsanlega íslensk. Niðurstaða Halldórs er sú að dæmið sé ekki marktækt um íslensku þessa tíma. Dæmið um *skorta* er hins vegar ótvírætt íslenskt og því er ljóst að það gefur vísbendingu um breytingar á fallmörkun með aukafallsögnum í forníslensku. Í forníslensku hefur því hingað til virst fara lítið fyrir þeirri tilhneigingu í nútímaíslensku sem gengur undir nafninu þágufallssýki.

3.3 Mín athugun

Mín athugun er ólík fyrri athugun að því leyti að hægt var að kanna allar sagnir sem merktar voru „ópersónulegar“ í fornmálsorðabókum Fritzners og C&V þar sem texti orðabókanna er nú aðgengilegur á rafrænu formi. Því var hægt að athuga hvort dæmi myndust um breytileika með sögnum með aukafallsfrumlagi án þess að leita þyrfti að einhverri tiltekinni sögn.²⁷ Hægt er að slá inn leitarstrengi á borð við *ipers* hjá Fritzner og *impers* hjá C&V til þess að finna dæmi um sagnir með aukafallsfrumlagi (svo fremi sem þær höfðu verið merktar á þann hátt). Einnig var leitað að merkingunum *e-n* og *e-m* til þess að finna dæmi um sagnir með aukafallslíð í frumlagssæti sem ekki voru sérstaklega merktar sem aukafallssagnir. Einfalt og ókeypis orðstöðulykilsforrit (ConcApp) var notað til þess að framkvæma orðaleitina.

Þegar þessari vinnu var lokið var kominn listi yfir sagnir með þolfallsfrumlagi í forníslensku. Listinn var borinn saman við lista yfir þolfallssagnir í forníslensku hjá Nygaard (1905) til þess að tryggja að engar sagnir hefðu orðið útundan sem þegar var vitað um. Því næst var leitað að fleiri dæmum um sagnirnar í fornmálstextum Textasafns Orðabókar Háskólans (TOH).²⁸ Orðstöðulykill Íslendingasagna (1998) var hafður til hliðsjónar vegna þess að hann er lemmaður (e. *lemmatised*)²⁹ og veitir þar með betri innsýn í notkun sagnanna en fæst með því að skoða dæmi í TOH sem er ólemmað. Ávinningurinn af því að nota TOH var þó mikill í samanburði við Orðstöðulykil Íslendingasagna þar sem TOH er talsvert stærri málheild (e. *corpus*). Í Orðstöðulykli Íslendingasagna eru allar Íslendingasögurnar en í TOH eru auk þeirra fornaldarsögur, helgisögur, kvæði, þættir, Sturlunga og Heimskringla. TOH

²⁷ Hægt er að leita í orðabók Fritzners á netinu (sjá Fritzner 2004) og í C&V (sjá *Germanic Lexicon Project* 2006). Í rafrænni gerð C&V er enn sem komið er mikið af skönnunarvillum og því nýttist texti orðabókarinnar ekki sem skyldi. Að nokkru leyti tókst að komast hjá þeim galla með því að leita að orðmyndum líkum *impers*, til dæmis *inipers*, *iipers* og *impcrs*.

²⁸ Þegar vitnað er í TOH er einungis átt við forníslenskan hluta safnsins (nema annað sé tekið fram).

²⁹ Með því er átt við að orð hafi verið greind í orðflokka og ólíkar myndir sama orðs verið felld undir eitt uppflettiorð. Til dæmis er búið að greina að nafnorðið *byrgi* frá sagnmyndinni *byrgi* (af sögninni *bjarga*), búið að fella undir sama uppflettiorð sagnmyndirnar *byrgi*, *bjargaði*, *bjargað* o.s.frv. Í ólemmuðu orðasafni eins og TOH eru samræðar orðmyndir á borð við nafnorðið/sagnmyndina *byrgi* hins vegar ekki greindar að.

nær þó ekki til allra varðveittra forníslenskra texta og vantar þar helst biskupa- og postulasögur.

Sagnirnar voru einnig athugaðar í orðstöðulykli yfir Eddukvæði (Kellogg 1988) og sagnir sem mjög fá dæmi höfðu safnast um voru athugaðar í skrá yfir orðaforða elstu handrita (Larsson 1891). Loks var við staðfestingu dæma talsvert stuðst við orðstöðulykil yfir Möðruvallabók (Arkel-de Leeuw van Weenen 1987) og orðstöðulykil yfir Íslenska hómilíu-bók (Leeuw van Weenen 2004).

Hver sögn sem sýnd eru dæmi um er tekin fyrir í sérstökum undirkafla merktum viðkomandi sögn. Mest áhersla er lögð á að gera nákvæma grein fyrir þeim heimildum sem sýna frávik frá því sem virðist vera algengast. Þetta merkir að ef um sögn finnast mörg dæmi með skynjanda í þolfalli en hins vegar einungis örfá um þágufall er litið svo á að sögnin hafi greinilega komið fyrir með þolfalli og látið nægja að sýna nokkur dæmi um það. Í þeim tilvikum var látið nægja að taka stikkprufur til þess að athuga hvort dæmin væru ekki áreiðanlega rétt. Um margar sagnanna eru hins vegar fá dæmi um bæði þolfall og þágufall og þau þurfti öll að athuga í mismunandi útgáfum eða með því að fara beint í handritin.

3.4 Breytileiki í forníslensku

Þær sagnir sem athugunin leiddi í ljós að sýndu breytileika milli þolfalls og þágufalls eru eftirfarandi:

(45) angra, ánægja, bila, bíhaga, bresta, byrja, harma, höfga, lysta, skipta og skorta.

Af sögnunum sem nefndar eru í (45) eru þó tvær, *bresta* og *höfga*, sem koma eingöngu fyrir með þágufallsfrumlagi í elstu handritum. Dæmi eru hins vegar um þolfallsfrumlög með þeim í forníslenskum textum sem varðveittir eru í yngri handritum.³⁰ Slík dæmi sýna að breytileikinn þarf ekki endilega að vera í sömu átt og í nútímamáli þar sem þolfall á frumlögum viku fyrir þágufalli heldur virðist breytingin einnig geta gengið í öfuga átt þannig að þágufall víki fyrir þolfalli.

Þegar dæmi eru sýnd í umfjöllun um sagnirnar hér á eftir er þess getið neðanmáls úr hvaða handritum dæmin eru og innan hornklofa aftan við dæmið er sýndur áætlaður aldur

³⁰ Sjá nánar um *bresta* í kafla 3.4.5 og um *höfga* í 3.4.8. Skipting í forníslensku og yngri íslensku miðast við mál fyrir 1540 og eftir 1540.

handritsins.³¹ Aldursákvörðunin sýnir því ekki hugsanlegan ritunartíma dæmisins heldur aðeins hvenær talið er að handritið hafi verið skrifað. Þegar handrit útgáfu er sýnt er einnig getið annarra handrita sem útgáfan sýnir lesbrigði úr vegna þess að orðalagsmunur getur verið milli handrita. Þetta er gert í öllum tilvikum sem útgáfa notar ekki einungis eitt handrit en þessum upplýsingum var ætlað að sýna að dæmin væru eins í þeim handritum sem útgáfan kveðst sýna lesbrigði úr.³² Í mörgum tilvikum er þetta vafalaust rétt en hins vegar er ljóst að útgáfurnar sýna ekki alla mögulega leshætti úr öðrum handritum og því ber að taka þessum upplýsingum með nokkurri varúð (sjá t.d. Stefán Karlsson 1969:233-234).

Dæmin voru einnig gátuð með því að athuga fleiri en eina útgáfu sama texta. Reynt var að fara í fræðilegar, stafréttar útgáfur þar sem því var komið við en textarnir sem vitnað er í hafa ekki allir verið gefnir út í stafréttum útgáfum. Í þeim tilvikum var lögð áhersla á að athuga ólíkar útgáfur sem hefðu sjálfstætt gildi en byggðu ekki einfaldlega hvor á annari. Ekki hefur hins vegar reynst ástæða til að rengja texta útgáfanna þar sem breytileiki hefur komið fram. Það var þó ekki hægt að vita fyrirfram og til að tryggja áreiðanleika dæmanna var farið beint í þau handrit sem útgáfurnar nota ef dæmin komu fyrir í handritum sem auðvelt var að komast í.³³

Þegar vitnað er beint í handrit er skrifað stafrétt upp eftir þeim og gefin upp nákvæm staðsetning dæmisins í handritinu eins og venja er þegar vitnað er til handrita. Fyrst er vitnað til blaðs og svo til síðu (framhlið (*recto*) táknuð *r*, eða bakhlið (*verso*) táknuð *v*). Því næst er gefið upp í hvaða línu dæmið er og ef hver síða skiptist í tvo dálka er vitnað til fyrri dálks sem *a* en þess seinni sem *b*. Venjuleg tilvísun í handrit er því: *safnmark handrits 123ra4* (þ.e. blað nr. 123, framhlið, a-dálkur, lína 4). Einnig er sýnt með skáletri þegar leyst er upp úr böndum.³⁴ Mikilvægi þess að sýna nákvæmlega hvað stendur í handritinu og hvað er stytt verður síst ofmetið í rannsóknum á fornmáli. Miklu skiptir hvort í handritinu stendur til dæmis *Njáll*, *Njál*, *Njáli* eða *Njáls* en ekki einfaldlega „N.“ eins og víða er þegar algeng nöfn

³¹ Við aldursgreiningu handrita er farið eftir aldursákvörðunum úr handritagagnagrunnum ONP og *Dróttkvæða-útgáfunnar*.

³² Þegar útgáfur sýna lesbrigði við þau dæmi sem sýnd eru í umfjöllun um sagnirnar hér á eftir er þess getið nákvæmlega hver orðalagsmunurinn er. Ef lesbrigðin eiga hins vegar ekki sérstaklega við dæmin sem sýnd eru er notað orðalagið: „útg. getur lesbrigða úr ...“ og er þá átt við útgáfuna almennt.

³³ Ef textinn er ekki til tölvutækur er erfiðara að finna hvar dæmið er staðsett í handritinu og því var þetta yfirleitt ekki gert nema einnig væri hægt að leita að dæminu rafrænt.

³⁴ Band er það kallað þegar orð eru stytt eftir sérstökum reglum þannig að tiltekið tákni (skrifað með hækkuðu lettri) stendur fyrir ákveðna staf, svo sem strik yfir sérhljóða til þess að tákna nefhljóð og eins konar *r*-tákn sem táknar endingar á borð við *ir* og *er* (sjá t.d. Finn Jónsson 1931).

og nafnorð eru annars vegar. Slík dæmi eru því einskis verð ef skammstafaði liðurinn er frumlagið sem á að sýna hvort sögn gat tekið með sér frumlag í þolfalli eða þágufalli.³⁵

Þegar um bönd er að ræða þarf sá sem skrifar upp eftir handritinu hins vegar ekki að giska á orðmyndina því bandið segir nákvæmlega til um hvaða stafi „vantar“ í orðið. Ef leggurinn á *h* er t.d. gegnumstrikaður merkir það *hann* og þá er skrifað upp „*hann*“ til marks um að í handritinu standi í raun aðeins „*h*“. Ef á eftir *h*-inu kemur hins vegar *m* er um að ræða orðmyndina *honum* og þá er skrifað upp „*honum*“ til marks um að „*onu*“ standi í raun ekki í handritinu. Dæmi sem skrifuð eru fullum fetum af skrifara hljóta því að vera áreiðanlegri fyrir vikið því ólíklegra er að skrifari skrifi óvart *hann* fyrir *honum* en að hann gleymi að skrifa *m* á eftir gegnumstrikuðu *h*-i.

Til þess að hægt sé að fá mynd af tíðni breytileikans í fornmáli er gefinn upp fjöldi dæma um hvort fallið um sig úr TOH. Einnig er tekið fram úr hve mörgum heimildum dæmin eru því hugsanlegt er að tíu dæmi séu um sögn en öll úr sömu heimildinni. Tíu dæmi um sögn úr tíu ólíkum heimildum gefur mun sterkari vísbendingar um hegðun sagnarinnar en jafnmörg dæmi úr sömu heimild. Fjöldi dæma sem hafa fundist í fornmálsorðabókum er hins vegar ekki nefndur í umfjöllun um hverja sögn þar sem tilviljun ein kann að ráða því hvaða dæmi rata í orðabækur. Í málheild á borð við TOH er hins vegar tryggt að öll dæmi finnist um sögnina og að hægt sé að bera fjölda þolfalls- og þágufallsdæma saman til þess að fá vísbendingu um hvort fallið er algengara.

3.4.1 *angra*

Í fornmáli kemur sögnin *angra* fyrir með skynjanda í þolfalli og þágufalli í merkingunni ‘valda hugarangri’. Í TOH eru alls 14 dæmi úr sjö heimildum um skynjanda í þolfalli en fjögur dæmi úr jafnmörgum heimildum um samsvarandi lið í þágufalli. Auk þessara dæma eru þrjú sem gætu verið í þolfalli eða þágufalli, þar af eitt úr heimild með greinilegu dæmi um þágufall. Til viðbótar þágufallsdæmunum fjórum fannst eitt þágufallsdæmi í fornmálsorðabókum sem er úr biblíuþýðingu frá miðri 14. öld. Í nútímamáli kemur sögnin *angra* fyrir en þar er hún áhrifssögn þar sem þolfallsliðurinn er greinilega andlag. Af þessum ástæðum er meiri umræða um hvort þolfalls- og þágufallsliðirnir séu frumlög eða andlög í umræðu um *angra* en með öðrum sögnum sem verða til umfjöllunar.

³⁵ Þar sem dæmi er um sérnafn er þess gætt að vitnað sé í útgáfu sem sýnir mun á böndum og styttingum. Í flestum tilvikum er frumlagið ekki sérnafn í þeim dæmum sem tekin eru um sagnirnar hér á eftir og yfirleitt standa sérnöfnin með lýsingarorði sem tekur af allan vafa um fallmörkun.

Til þess að athuga frumlagseðli þeirra liða sem tilbrigði koma fram með eru fyrst tilfærð sex dæmi um *angra* sem koma fyrir í *Völsunga sögu* sem kunna að varpa ljósi á það hvort skynjandinn er frumlag eða andlag:³⁶

(46)a. Ofseinat hefir þu at segia, at **þik** angrar minn harmr, enn nu fam ver enga likn.

(Völsunga saga 1907:76²⁸ [≈1400-1425])

- b. Angrar **þik** okkart vidrtal, eda hvat stendr þer fyrir gamne? (sama rit:70²⁰)
- c. Lat **þik** eigi slikt angra. (sama rit:63⁶)
- d. Hvi mælþer þu eigi vid menn, eda hvat angrar **þik**? (sama rit:75¹²)
- e. Eda hvat angrar **þik** mest? (sama rit:76⁴)
- f. Þat angrar **mik**, at ek veit eigi, hverr hann er. (sama rit:61²²)³⁷

Dæmin í (46a-c) eru sterk vísbending um að skynjandinn sé frumlag. Út frá merkingunni gæti svo virst sem liðurinn *minn harmr* í (46a) væri frumlag setningarinnar þar sem það stendur í nefnifalli. Merkingin væri því sú að eitthvað (*minn harmr*) komi einhverjum í ákveðið hugarástand, eins og t.d. *angra* og *gleðja* gera í nútímamáli sem báðar taka þolfallsandlag. Setningarleg staða þolfallsliðarins bendir þó til þess að *þik* sé frumlag en sagnir með frumlögum í þolfalli taka yfirleitt ekki með sér þolfallsandlög í nútímamáli (sjá t.d. Zaenen, Maling og Höskuld Thráinsson 1985 og Yip, Maling og Jackendoff 1987).

Í (46b) er *já/nei*-spurning og í slíkum spurningum verður frumlag í nútímamáli að koma á undan andlagi sagnar. Því væri (46b) útilokuð í nútímaíslensku þar sem þar er skynjandinn andlag. Ef orðaröð í *já/nei*-spurningum hefur verið eins og í nútímamáli ætti skynjandinn *þik* í (46b) því að vera frumlag en liðurinn *okkart viðtal* að vera andlag. Miðað við fyrri umræðu um orðaröð í aukasetningum í forníslensku virðist ekki á það að treysta að eingöngu frumlag geti verið í þeirri stöðu (sjá kafla 2.1).

Út frá nútímamáli virðist skynjandinn *þik* í (46c) vera í frumlagssæti þar sem það er fremst í nafnháttarsetningunni. Ef liðurinn *slíkt* væri frumlag mætti búast við því strax á eftir *láta*: *lát slíkt eigi angra þik*. Í (46d) og (46e) er venjuleg spurnarsetning þar sem gera má ráð fyrir spurnarfærslu og að andlagið hafi flust fram fyrir sögnina. Í (46f) gæti verið um beina orðaröð að ræða þar sem *þat* er frumlag og skynjandinn *mik* andlag. Ef skynjandinn er

³⁶ Óvenjulegt er að svo mörg dæmi séu hlutfallslega um sögn í aðeins einni heimild.

³⁷ Dæmið er úr NKS 1824 b 4to (≈1400-1425). Sú útgáfa notar einungis það handrit og sérstaklega er tekið fram að yngri pappírsuppskriftir af sögunni séu ekki notaðar (Völsunga saga 1906-08:x-xi). Dæmin voru staðfest í útg. C. C. Rafns (Völsunga saga 1829).

frumlag setningarinnar hefur andlagið verið kjarnafært. Fleiri dæmi um þolfallsliði með *angra* eru sýnd í (47):

(47)a. ... og angraði **þá** mjög dráp Sæmundar fyrir sakir mægða og sambands þess er ...

(Íslendinga saga 1988:567 [≈1350-1370])³⁸

b. Angraði **hann** þá mæði.

(Þorgils saga skarða 1988:704 [≈1375-1400])³⁹

Frá svipuðum tíma eru einnig dæmi um skynjendur í þágufalli:

(48) ek ætla *mer* huergi heðan at hræraz huort sem **mer** angrar reykr eða brunu.

(AM 132 fol. 45va15-16, Njáls saga [≈1330-1370])⁴⁰

Dæmi (48) er eins og (46a) að því leyti að greinilegt er að þemað *reykr* er í nefnifalli en skynjandinn er hins vegar í þágufalli. Þar virðist þágufallsliðurinn vera frumlag en nefnifallsliðurinn andlag. Í næstu tveimur dæmum er skynjandinn einnig í þágufalli:

(49) Lettliga segir Commestor. at uðtn hafi angrat **honum**. ellar hafi hann fundit þat dautt kuikendis fliotanda ræ. sem hann hafi til lyst ok sidan aa setz.

(Stjórn 1862:59²⁶ [≈1350-1360])⁴¹

(50) *hann* s(agði) at fyst hefði **þeim** angrat storuiðri en siðan beði dryckleysi ok matleysi.

(AM 132 fol. 102ra23, Finnboga saga ramma [≈1330-1370])

Dæmi (49) er frábrugðið hinum dæmunum að því leyti að þar er skynjandinn greinilega í andlagssæti (að minnsta kosti ef miðað er við nútímamál) þar sem hann kemur á eftir sögn í fallhætti. Í dæmi (50) er afstaða liðanna hins vegar öfug miðað við (49) því þar er skynjandinn í frumlagssæti og liðurinn *stórviðri* þar sem búast má við andlagi.

Í (51) er fyrsta dæmi um sögnina með aðeins einum röklið sem bendir til þess að skynjandinn sé frumlag:

³⁸ Útg. fylgir AM 122 a fol. (Króksfjarðarbók, ≈1350-1370) á þessum stað í sögunni.

³⁹ Útg. fylgir brotinu AM 122 b fol. (Reykjarfjarðarbók, ≈1375-1400) á þessum stað í sögunni. Nafnliðurinn *hann* gæti verið nefnifall af orðmyndinni einni að dæma en miðað við setningarlega stöðu er þolfall líklegra.

⁴⁰ Dæmi er skrifað upp eftir AM 132 fol. (Möðruvallabók, ≈1330-1370.). Dæmið er upphaflega fengið frá Fritzner þar sem vitnað var til *Njáls sögu* (1772:201). Aðalhandrit þeirrar útg. er AM 468 4to (Reykjabók, ≈1300-1325) en í útg. er lesbrigða getið úr Möðruvallabók og AM 133 fol. (Kálfalækjarbók, ≈1350). AM 468 4to er ranglega nefnt AM 298 4to í útg. 1772 en handrit með því safnmarki er ekki til í safni Árna Magnússonar, sbr. einnig yngri útg. (Njáls saga 1875).

⁴¹ Aðalhandrit útg. er AM 226 fol. (≈1350-60) en í útg. er lesbrigða getið úr handritunum AM 227 fol. (≈1350) og AM 228 fol. (≈1300-1325).

(51) En er hann sá fall Sírnis, angraði **honum** mjök, ok þótti mjök ór einum brunni bera, hvern mannskaða hann fekk af Ögmundi ok hans mönnum.

(Örvar-Odds saga 1888:188²⁴ [≈1450-1475])⁴²

Í (51) er skynjandinn í frumlagssæti og sögnin tekur með sér ákvæðisorðið *mjök*. Í forn-íslensku er algengt í samanburði við nútímamál að andlag sagna sé undanskilið (sjá t.d. Nygaard 1905:16-22). Því er vel hugsanlegt að andlagið sé undanskilið: *angraði þat* [þ.e. fall Sírnis] *honum mjök*. Engin dæmi eru hins vegar um að sögnin taki aðeins með sér einn röklið ef frumlagið er í þolfalli.

Í (52) er sýnt dæmi úr Eddukvæðum sem einnig virðist vera með þágufallsfrumlagi:

(52) Fullkvæni þá // fylkir væri, // ef meintregar // **mér** angraði-t.

(Grípisspá 1954:272 [≈1270])⁴³

Hér er *meintregar* kk.ft.nf. og því mætti búast við að sögnin *angra* sýndi samræmi við þann lið ef hann væri frumlag: *meintregar mér ongruðu-t*. Af persónu og tölu sagnarinnar má því ráða að skynjandinn *mér* sé frumlag í þessu dæmi.

Sýnd hafa verið dæmi um sögnina *angra* í forn máli þar sem í sumum tilvikum hefur verið óljóst hvaða liður er frumlag og hvaða liður andlag. Af orðaröðinni að dæma virðist skynjandinn þó vera frumlag í flestum dæmanna. Í dæmi (49) með þágufallsskynjanda og e.t.v. í dæmi (46) með þolfallsskynjanda virðast rök frekar hníga til þess að skynjandinn sé andlag eins og í nútímamáli. Ekki verður séð af aldri dæmanna hvort þolfall eða þágufall er upprunalegt með sögninni en dæmi er um þágufall þegar á 13. öld. Jafnvel í dæmum þar sem skynjandinn virðist vera andlag (sbr. (46f) og (49)) kemur fram breytileiki milli þolfalls og þágufalls og því er ekki hægt að nota andlagsfall með sögninni sem áhrifssögn sem rök fyrir því að annað hvort fallið sé upprunalegt frumlagsfall en að hitt sé nýjung.⁴⁴

⁴² Í útg. er sagan er prentuð eftir þremur handritum. Dæmið sem vitnað er til er úr AM 343 a 4to (≈1450-1475) en samsvarandi dæmi er ekki að finna í hinum handritunum tveimur: AM 344 a 4to (≈1350-1400) og Holm. Perg. 7 4to (≈1300-1325). Dæmið hefur einnig verið staðfest með þágufallslið í útg. C. C. Rafns (Örvar-Odds saga 1829:296¹³) sem notar AM 343 a 4to en lesbrigða er getið í þeirri útg. úr AM 471 4to (≈1450-1500), AM 567 IV 4to (≈1400-1500), AM 340 4to (≈1600-1700) og AM 173 fol. (≈1700). Dæmið er einnig svo í Íslendingasagnauðgáfunni (Örvar-Odds saga 1954:335).

⁴³ Dæmið er úr GKS 2365 4to (Konungsbók Eddukvæða, ≈1270) og hefur verið staðfest í nýrri útgáfu Stofnunar Árna Magnússonar (Grípisspá 2001:200²²).

⁴⁴ Gera mætti ráð fyrir að ef *angra* væri notuð sem áhrifssögn með þolfallsandlagi (*angra e-n*) ætti samsvarandi skynjandi með sögninni áhrifslausri einnig að vera í þolfalli (*e-n angrar*), sbr. *kitla e-n* andspænis *e-n kitlar*.

3.4.2 *ánægja*

Í fornmáli kemur sögnin *ánægja* fyrir með skynjanda í þolfalli og þágufalli í merkingunni ‘vera ánægður’. Sögnin er hins vegar ekki algeng og um hana eru engin dæmi í TOH. Þar sem sögnin kemur ekki fyrir í TOH kann að vera að notkun hennar sé bundin við ákveðnar textategundir. Hún virðist eingöngu koma fyrir í bréfum í *Íslensku fornbréfasafni* og því er hugsanlegt að hún takmarkist við slíka texta. Önnur hugsanleg skýring er að sögnin sé ekki nægilega gömul í málinu til þess að birtast í fornsögum þar sem elstu heimildir um hana eru frá 15. öld.

Einu dæmin um sögnina fundust í fornmálsorðabókum sem óvíst er að gefi rétta mynd af dreifingu þolfalls andspænis þágufalli (e.t.v. eru til dæmis fleiri dæmi um þolfall í varðveittum textum en þar eru sýnd). Einungis eitt dæmi hefur fundist um þolfall með sögninni í fornmáli en fjögur dæmi eru um þágufall. Að auki er eitt dæmi þar sem fall skynjandans er annaðhvort þolfall eða þágufall. Sögnin tekur ávallt með sér ákvæðisorðið *vel* og virðist ekki koma fyrir sem áhrifssögn. Í síðari alda máli koma þó fyrir dæmi um áhrifssögnina *ánægja* sem tekur með sér þágufallsandlag (sjá kafla 3.6).⁴⁵ Eina dæmið um skynjandafrumlag í þolfalli er í bréfi frá miðri 15. öld:

(53) hefur eg full laun ok aull vpp borit fyrir fyrrnefnda jord suo **mig** vel anæger.

(Íslenskt fornbréfasafn V:82, 10. mars 1451 í Æðey, AM Fasc. XIII, 4)

Um skynjanda í þágufalli eru dæmi úr bréfum frá upphafi til loka 15. aldar.⁴⁶

(54)a. hefir hann mier hier fulla peninga fyrir wnnth suo **mier** wel anægir

(~ III:716, 26. maí 1407, Núpufelli í Eyjafirði, AM Fasc. VI, 23)

b. ok þa væri lvkt svo at **honvm** vel anægdi.

(~ III:727, 16. nóvember 1409 á Hólum í Hjaltadal, AM Fasc. VI, 29)

c. Hier j mott lagdi opt nefnd steiñnun suo mikla fasta eign ad **optnefndum sueini** uel ánægdi fyrer utan eitt hundrat.

(~ V:648, 24. nóvember 1471, Kirkjubóli í Súgandafirði, AM Fasc. XIX, 1)

d. en her í mot gaf pal þoralfsson suo mikla peninga ok lugtte sem þau urdu asat ok henne þotte **ser** uel anægja.

⁴⁵ Samkvæmt ÍO er hægt að nota sögnina *ánægja* sem áhrifssögn í nútímamáli ‘gleðja e-n, gera e-n ánægðan’ en ekki er tekið fram í hvaða falli andlagið er.

⁴⁶ Þegar vitnað er oftar en einu sinni í ritsafni í mörgum bindum er ~ sett í stað titils og þar á eftir númer bindis.

(~ VII:256, 22. mars 1495, Flatey á Skjálfandafirði, AM Fasc. XXXII, 24)

Í elsta dæmi um sögnina, frá ofanverðri 14. öld, sést ekki hvort skynjandinn er í þolfalli eða þágufalli:

(55) hann hefuir greind tiu hundrath vt lukt ok af hendt efter þij sem oss wel anæygher.

(~ III:505, 23. ágúst 1394, Möðruvöllum í Hörgárdal, AM Dipl. Isl. Fasc. V, 9)

Þar sem bréfunum úr fornbréfasafninu fylgja upplýsingar um hvar bréfin eru rituð er forvitni-legt að athuga hvort eitthvað við notkun sagnarinnar er landshlutabundið. Þolfallsdæmið er úr bréfi skrifuðu í Æðey á Vestfjörðum en einnig er dæmi um þágufall úr Súgandafirði á Vestfjörðum (sbr. (54c)). Þágufallsdæmin í (54a,b,d) og óljósa dæmið í (55) eru hins vegar af Norðurlandi. Ef dæmi myndust í fornmáli um að sögnin væri notuð sem áhrifssögn með þolfallsandlagi mætti gera ráð fyrir að þolfall væri upprunalegt frumlagsfall. Einu dæmin um sögnina sem áhrifssögn eru úr síðari alda máli þar sem sögnin kemur fyrir með þágufallsandlagi. Þau dæmi benda því til þess að þágufall sé hið upprunalega fall.

3.4.3 *bila*

Í fornmáli kemur sögnin *bila* fyrir með skynjanda í þolfalli og þágufalli í merkingunni ‘missa, bresta’. Breytileiki milli þolfalls og þágufalls kemur fram í orðasambandinu *e-n/e-m bilar áræði* en þó er eitt dæmi um samsetta nafniðinn *hug ok áræði*.⁴⁷ Í TOH er eitt dæmi um skynjanda í þolfalli en þrjú dæmi um þágufall úr jafnmörgum heimildum. Til viðbótar hefur fundist eitt þolfallsdæmi í fornmálsorðabókum sem sýnt er í (56):

(56) Hug ok aræði mun **mig** ok alldregi bila, hvart sem ek skal beriaz við einn eða fleiri.

(Máguss saga jarls 1884:35¹⁶ [≈1300-1325])⁴⁸

Í dæmi (56) er greinilegt að bæði frumlag og andlag eru í þolfalli. Í nútímaíslensku er ekki við öðru að búast en þolfallsandlagi með sögn sem tekur með sér þolfallsfrumlag (sbr. Zaenen, Maling og Höskuld Thráinsson 1985). Öll önnur dæmi um *bila* eru hins vegar með andlaginu

⁴⁷ Þess ber einnig að geta að orðasambandið *bila áræði* kemur líka fyrir með *bresta* (sjá kafla 3.4.5).

⁴⁸ Aðalhandrit útg. er AM 580 4to (≈1300-1325) en lesbrigða er getið í útg. úr AM 533 4to (≈1450-1500), AM 556 4to (≈1475-1500), AM 534 4to (≈1400-1500), AM 152 fol. (≈1500-1525) og AM 536 4to (≈1650-1700). Þolfallsliðurinn *mig* er í útgáfu ritaður með *g* í bakstöðu en ekki *k* eins og búast mætti við af orðmyndinni *ek*.

áræði þar sem andlagið gæti verið í nefnifalli, þolfalli eða þágufalli. Annað dæmi er um skynjanda í þolfalli í nokkru yngra handriti, frá um miðri 14. öld:⁴⁹

(57) hafa ok margir þat fundit at **mik** hefir eigi aræði bilat.

(AM 132 fol. 112ra17, Finnboga saga ramma [≈1330-1370])

Í (57) er skynjandinn greinilega í frumlagssæti þar sem hann er í aukasetningu. Athyglisvert er að finna dæmi um skynjanda í þágufalli úr sama handriti og í (57) en í annarri sögu, eins og sýnt er í (58):

(58) k(iartan) q(uað) aræðit **flestum** bila þott allgoðer karlmen væri.

(AM 132 fol. 176ra30, Laxdæla saga [≈1330-1370])

Liðurinn *áræði* er líklega í nefnifalli og er greinilega í frumlagssæti. Ef *flestum* væri frumlag hlyti sá liður að koma á undan *áræði* þar sem um aukasetningu er að ræða. Sá merkingarmunur kann að vera á (58) og (57) að þágufall tákni eignarmerkingu, þ.e. ‘áræði mitt brestur’, en að með þolfalli sé skynjandinn hins vegar frumlag.⁵⁰ Einnig kann sögnin að vera skiptisögn þar sem bæði *flestum* og *áræði* geta verið frumlag, sbr. sagnir eins og *henta* í nútímamáli: *þetta hentar mér andspænis mér hentar þetta* (sjá Helga Bernóðusson 1982 og Jóhönnu Barðdal 2000). Í (59) er sýnt dæmi sem fannst í forn málsorðabókum og er hér um bil samhljóða (58):

(59) sè ek fara at **flestum** bilar aræðit, þó at góðir karlmenn sè.

(Ólafs saga Tryggvasonar 1826:31¹⁶ [≈1350-1375])⁵¹

Í þessu dæmi bendir orðaröðin til þess að þágufallsliðurinn *flestum* sé frumlag þar sem *áræði* er í andlagssæti. Það sama á við um þágufallsliðina í dæmum (60) og (61):

(60) Nú með því, at þér vilið ei fyrir koma þessum manni, ef svá skal kalla hann, þá fáid mér í hendr sverðit Risanaut ok vita, hvárt **mér** bilar aræði við hann.

(Hrólf's saga Gautrekssonar 1891:44¹⁰ [≈1300-1325])⁵²

⁴⁹ Öll dæmin hér á eftir fundust upphaflega í TOH.

⁵⁰ Þágufall er hægt að nota í eignarmerkingu, sbr.: *líttu í augu mér* ‘líttu í augu mín/augun á mér’, eða í stað eignarfalls: *farðu á bak hestinum* ‘farðu á bak hestsins’.

⁵¹ Aðalhandrit útg. er AM 61 fol. (≈1350-1375) en lesbrigða er getið í útg. úr AM 54 fol. (≈1375-1400), AM 53 fol. (≈1375-1400), GKS 1005 fol. (Flateyjarbók, ≈1387-1395), AM 309 4to (Bæjarbók í Flóa, 1498) og AM 62 fol. (≈1375-1400).

(61) Þorgeirr bað hann gefa ráðit til, en kvað **sér** eigi munu áræðit bila.

(Reykðæla saga ok Víga-Skútu 1940:182 [≈1675-1700])⁵³

Í þeim dæmum sem hafa verið sýnd um *bila* er fall þemans einungis ljóst í dæmi (56). Í sumum dæmum með skynjanda í þágufalli virðist skynjandinn vera frumlag (sbr. (59)-(61)) en í öðrum kann hann að vera andlag, e.t.v. í eignarmerkingu. Aðeins tvö dæmi eru um skynjanda í þolfalli en í báðum tilvikum bendir orðaröðin til þess að skynjandinn sé frumlag (sbr. (56) og (57)). Athyglisvert er að finna dæmi um þolfalls- og þágufallsskynjanda í sömu sögu og í sama handriti⁵⁴ en engar ályktanir er hægt að draga um upprunalegt fall af aldri dæmanna. Bæði þolfall og þágufall koma fyrir þegar um 1300.

3.4.4 *bíhaga*

Í forníslensku kemur sögnin *bíhaga* fyrir með skynjanda í þolfalli og þágufalli í merkingunni ‘henta, líka’. Í TOH eru engin dæmi um hana en í heimildum sem vantar í TOH eru dæmi frá upphafi 15. aldar. Í forn málsorðabókum hafa fundist 4 dæmi um sögnina á forníslenskum tíma, eitt dæmi um þolfall og þrjú um þágufall. Forskeytið *bí-* bendir til þess að sögnin sé tökuorð úr þýsku, sbr. *behagen* ‘falla e-m í geð’ sem tekur með sér þágufall. Í bréfi úr Borgarfirði frá fyrri hluta 15. aldar kemur *bíhaga* fyrir með þolfallsskynjanda:

(62) ... huort sem **mig** bihagar betr vti ad laata.

(*Íslandske originaldiplomer* 1963:317⁴, 18. apríl 1434, Reykjaholt, AM Fasc. IX 27)

Í texta frá upphafi 15. aldar er skynjandinn hins vegar í þágufalli:

(63) Hann vill ecke heyra þat, sem **honum** bihagar ecke.

(*Alfræði íslensk* 1917:70⁵ [≈1400])⁵⁵

Frá 15. öld er dæmi um skynjanda í þágufalli af Vesturlandi og einnig af Norðurlandi:

⁵² Aðalhandrit útg. er Holm perg. 7 4to (≈1300-1325) en lesbrigða er getið í útg. úr AM 590 b-c 4to (≈1600-1700), AM 597 XIV α fol. (≈1400), AM 194 a fol. (1677), AM 152 fol. (≈1500-1525), AM 567 XIV β 4to (≈1300), AM 567 XIV γ 4to (≈1400), AM 357 4to (≈1600), AM 144 8vo (≈1600-1700), AM 194 b fol. (≈1650-1700), AM 570 a 4to (≈1450-1500), AM 590 b-c 4to (≈1600-1700), Holm perg. 7 4to (≈1300-1325), Holm papp. 17 fol. (≈1650) og Holm perg. 18 4to (≈1300-1350).

⁵³ Aðalhandrit útg. er AM 561 4to (≈1400) en þar vantar mikið framan á söguna (sbr. Björn Sigfússon 1940:xc). Dæmið er því miður ekki varðveitt nema í 17. aldar uppskriftum af AM 561 4to og er úr handritinu AM 507 4to (≈1675-1700).

⁵⁴ Það er þó engin trygging fyrir því að dæmin séu upprunnin frá sama manni því ómögulegt er að segja hvernig sögurnar urðu til. Ekki er einu sinni víst að sami skrifari hafi skrifað bæði dæmin upp þó að þau finnist í sama handriti.

⁵⁵ Útg. fylgir AM 736 II 4to (≈1400).

(64) ... j þeim peningvm sem **adr nefndri halldorv** bihagati at taka.
(*Isl. originaldiplomer* 1963:354⁸, 19. maí 1442, Skarð, Skarðsströnd, AM Fasc. LXVI 8)

(65) ... þa fædu sem gaumlum dandi manni til heyrer ok **honum** uel bihagar.
(Ísl. fornbréfasafn VI:655²⁵, 4. júní 1489 á Hólum, AM Fasc. XXIX 5)

Í dæmi (65) virðist skynjandinn vera andlag en frumlagið (*þá fæðu*) virðist vera undanskilið. Sögnin kann því að vera skiptisögn eins og *henta* í nútímamáli þar sem skynjandinn er frumlag ef hann er í frumlagssæti en andlag ef hann er í andlagssæti (sjá Helga Bernóðusson 1982 og Jóhanna Barðdal 2000). Hins vegar er óljóst af hverju slík sögn kemur fyrir með þolfallsfrumlagi þar sem fyrir eru sagnir á borð við *henta* og *líka* sem taka með sér þágufallsfrumlag. Þar sem sögnin finnst hvergi í eldri íslensku virðist hún vera ný í málinu um 1400. Búast mætti við að *bíhaga* lenti í þeim flokki sagna sem hún á mesta samleið með og er virkur í málinu. Ef þolfall hefur verið furðufall og þágufall reglufall í forníslensku eins og í nútímaíslensku ættu slík dæmi ekki að finnast.

3.4.5 *bresta*

Í fornum textum kemur sögnin *bresta* fyrir með skynjanda í þolfalli og þágufalli. Við nánari athugun á þolfallsdæmunum kom þó í ljós að þau er öll að finna í handritum frá um 1700 og eru því ekki fyllilega marktæk um forníslensku. Eitt þolfallsdæmanna er áreiðanlega ekki dæmi úr forn máli þar sem það er úr fyrri hluta *Heiðarvíga sögu* en fyrri hlutinn er skrifaður eftir minni af Jóni Ólafssyni úr Grunnavík eftir að hluti handritsins brann í Kaupmannahöfn 1728 (sbr. Sigurð Nordal 1938:xcviii). Í TOH fundust alls þrjú dæmi um skynjanda í þolfalli og þrjú um þágufall.⁵⁶ Einnig er dæmi sem gæti verið með þolfalli eða þágufalli úr heimild með dæmum um þágufall. Þolfallsdæmin eru sýnd í (66)-(67) þar sem merkingin er ‘missa, skorta’:

(66) Hann kvaz til þess vel fær, – »því at eigi brestr **mik** áræði«.

⁵⁶ Einnig fannst í *Textasafni* þolfallsdæmi í annarri merkingu ‘e-r bregst’ frá um 1700:

(1) þikki mēr þess von, at engi verði til, ef **þik** brestr, sem þú ert[.]

(Sturlaugs saga starfsama 1830:600²⁸ [≈1700])

Aðalhandrit útg. er AM 173 fol. (≈1700) en útg. getur lesbrigða úr AM 335 4to [≈1400]. Nýrri útgáfa á textanum (Sturlaugs saga starfsama 1969:11¹²) fylgir AM 335 4to og þar stendur *þar* í stað *þik*. Merkingin virðist vera ‘e-r bregst’ en ekki ‘e-r missir e-ð’. Dæmið er ekki sýnt í meginmáli þar sem um er að ræða unga uppskrift á AM 335 4to og *þik brestr* er greinilega ómarktækt um forníslenskt málstig.

(Vatnsdæla saga 1934:87⁵ [≈1700])⁵⁷

(67) brestr **þik** áræði við spellvirkja þenna, ok sýnist oss svâ, sem hvorr ykkar forðist annan. (Hrólfs saga Gautrekssonar 1830:135 [≈1700])⁵⁸

Munurinn milli forn máls og yngri íslensku sést glögggt á dæmum (67) og (68). Í báðum tilvikum er um að ræða *Hrólfs sögu Gautrekssonar* en í (67) er farið eftir yngra handriti en í dæmi (68). Þar kemur sögnin fyrir með þágufalli á sama stað í sögunni:

(68) brestr **þér** áræði við þenna spellvirkja, sýniz oss svá, sem hvárr forðiz annann. (Hrólfs saga Gautrekssonar 1891:44⁷ [≈1300-1325])⁵⁹

Í handritum frá forn íslenskum tíma koma einungis fyrir dæmi um skynjanda í þágufalli, sbr. dæmi (69)-(74):

(69) áræði brast **eyði // einlyndum**, þótt mik fyndi // úti, orma setra, // einn, vask eigi at beinni. (Grettis saga 1936:254 [≈1500])⁶⁰

Setningin er tekin saman á þennan hátt í útgáfunni: „einlyndum eyði orma setra brast áræði, þótt fyndi mik einn úti; vask eigi at beinni“. Ef liðurinn *áræði* er frumlag setningarinnar er merking sagnarinnar sennilega ‘bregðast’ en ef *áræði* er kjarnafært andlag hlýtur merkingin að vera sú sama og í dæmunum hér að ofan ‘missa’. Í (70) er einnig óljóst hvor merkingin er:

(70) **Hiorleífi** brustu lausa fe fyrer aurleika. (Hálfs saga ok Hálfsrekka 1981:172¹ [≈1450])⁶¹

Orðmyndin *brustu* bendir til þess að þemað sé í fleirtölu og sögnin sýnir þá samræmi við þemað. Samræmi við þema þarf þó ekki að merkja að þemað sé frumlag og þágufalls-skynjandinn andlag þar sem samræmi við nefnifallsandlag er ekki óvenjulegt.⁶²

⁵⁷ Aðalhandrit útg. er AM 559 4to (≈1700), afrit Ásgeirs Jónssonar af Vatnshyrnu sem brann 1728 (sbr. Finn Jónsson 1934:i). Lesbrigða er einnig getið í útg. úr AM 138 fol. (≈1640), AM 445 b 4to (Melabók, eitt blað úr Vatnsdælu, ≈1390-1425) og AM 396 fol. (≈1675-1700).

⁵⁸ Aðalhandrit útg. er AM 590 b,c 4to (≈1600-1700) en útgáfa getur lesbrigða úr AM 194 a fol. (1677), AM 152 fol. (≈1500-1525) og AM 357 4to (≈1600).

⁵⁹ Aðalhandrit útg. er Holm perg. 7 4to (≈1300-1325) en útgáfa getur lesbrigða úr Holm perg. 18 4to (≈1300-1350), AM 152 fol. (≈1500-1525), AM 567 XIV 4to (≈1400), AM 567 XIV B 4to (≈1300), AM 567 XIV γ 4to (≈1400), AM 570 a 4to (≈1450-1500), AM 144 8vo (≈1600-1700), Holm perg 18 4to (≈1300-1350), Holm papp 17 fol. (≈1650) auk þeirra handrita sem nefnd eru í nmgr. 58.

⁶⁰ Í útg. kemur fram að vísan sé aðeins í AM 551 a 4to (≈1500) en þær vantar í AM 556 a 4to (≈1475-1500), AM 152 fol. (≈1500-1525) og DG 10 (≈1500). Í formála kemur fram að mál, rím og kenningar bendi til að vísurnar séu frá því seint á 13. eða frá 14. öld (Guðni Jónsson 1936:xl).

⁶¹ Útg. fylgir GKS 2845 4to (≈1450).

Líklegt er að merkingin í (71) og (72) sé ‘bregðast’ og að þemað sé þar frumlag þó að í dæmi (71) sé ekkert sem beinlínis útilokar merkinguna ‘missa’:

(71) en þó brestr **þeim** stundum vísdómrinn, þá er þeim liggr mest við.

(Göngu-Hrólfss saga 1830:280¹⁸ [≈1500-1525])⁶³

(72) aungan tíma brestr **honum** sín regla at drecka einmællt modur sínna briost hvern miduiku dagh ok fostu d(ag).

(Holm perg. 16 4to 8v7, Nikuláss saga erkibiskups [≈1439-1448])

Í (73) er dæmi um þágufallsskynjanda en andlag sagnarinnar virðist „bæði“ vera í nefnifalli og þolfalli:

(73) Olukt hundrad epter Kalf prest. brestur **kirkiunni** kaleik. sloppur. alltarisklædi.

(Íslenskt fornbréfasafn IV:91⁵ [1397], Hólum í Grímsnesi)

Í (73) er greinilegt að *kaleik* er í þolfalli og merking sagnarinnar virðist vera ‘skorta’ (merkingin ‘missa’ kemur vart til greina). Kirkjan er persónugerð og því getur nafnliðurinn *kirkiunni* verið skynjandi þótt skynjandinn geti samkvæmt skilgreiningu eingungis verið lifandi vera. Hins vegar er furðulegt að sögnin skuli einnig taka með sér andlögin *sloppur* og *altarisklæði* þar sem a.m.k. er ljóst að *sloppur* er í nefnifalli. Textinn er aftur á móti máldagi og upptalningar á eignum eru tíðar í slíkum textum. Einnig er hugsanlegt að upptalningin sé sögninni óviðkomandi og vísi þá e.t.v. til þeirra hluta sem eru í eigu kirkjunnar.

Í handriti frá um miðri 14. öld er dæmi um *bresta* með þágufallslið í tvenns konar merkingu:

(74)a. þeim mun síðr vill hann af lètta, ok þar kom sem **þeim** brast lýsi.

(Guðmundar saga 1878:177⁴ [≈1350-1365])

b. vánligt þykki mèt, at nú í dag sè þetta þitt hugarfar, en brestr **mèt** mágr, ef ek sè þik eigi um sinn í öndverðu brjósti þeirra, er mèt vilja með öllu fyrir koma.

(sama rit:33²² [≈1350-1365])⁶⁴

⁶² Í nútímaíslensku er t.d. hægt að segja *mér líkuðu bækurnar* þar sem þágufallsliðurinn er frumlag þó að sögnin sýni samræmi við andlagið.

⁶³ Aðalhandrit útg. er AM 152 fol. (≈1500-1525) en lesbrigða er getið í útg. úr GKS 2845 4to (≈1450), AM 589 f 4to (≈1450-1500) og AM 591 e 4to (≈1650-1700).

Í (74a) er *bresta* í merkingunni ‘missa, tapa’ (*lýsi* merkir ‘birta’ sbr. næstu línu: *þvíat þetta gjörðist á myrkri nátt.*) Í (74b) virðist hins vegar um ofurlítið frábrugðna notkun að ræða þar sem sögnin kemur fyrir án andlags. Merkingin virðist vera nær ‘skjátlast’ en ‘missa’. Einnig virðist merking sagnarinnar vera ofurlítið frábrugðin í (75):

(75)a. Þvi ferr hann þangat til fulltings, sem (i) nog er fyrir ok **eingum** brast, er sotti, þat er at bidia til guds modur nockurrar aasia vm þetta vandamal.

(Maríu saga II 1871:1039²⁵ [≈1340])⁶⁵

b. ok ætludu [Tyrkir] þa enn, at þeir mundu auduelliga sigrazt aa sinum motstaudum monnum sem fyrr. Enn þar brast **þeim** i nockut um þat mal.

(Maríu saga II 1871:992²⁵ [≈1450-1500])⁶⁶

Í (75a) virðist sögnin taka með sér skýringarsetningu: *eingum brast at bidia til guds modur*. Í (75b) kemur sögnin hins vegar fyrir með forsetningunni *í* og óljóst hvort um sömu notkun er að ræða. Merkingin virðist í báðum tilvikum ‘lást’.

Að lokum eru sýnd dæmi úr fornnorsku. Dæmin gefa vísbendingu um upprunalegt fall því þar virðist sögnin eingöngu koma fyrir með frumlagi í þágufalli:

(76)a. ok innan firir ællughutigi marka forngildar er **Aso fyrnæfdri** brast j hæiman fylgdh sina. (Norskt fornbréfasafn IV 1858:280³¹, 28. janúar 1351 í Tönsberg)

b. en firir þær tutughu merker, sem **honom** brustu þa j profuento sina, batt sik oftnefdr Jfuar vndir. at luka capitulo. (~ IV 1858:249²⁴, 23. september 1346 í Stavanger)

c. brester **prestenom** nokod j artidunum þa skulu arfuar fyræmfdrar Asildar taka iordena after till sin. (~ XI 1884:38²⁹, 10. janúar 1346 í Tunsberg)

d. en ef **Siugurði** brestr nokot j fyr nefndri iorð þa skall han ...

(~ III:156³⁰, 29. mars 1333 í Vossevangen)

Í elstu heimildum forníslensku koma aðeins fyrir dæmi um *bresta* með þágufalli og því virðist sem breytileiki milli þolfalls og þágufalls hafi komið upp í síðari alda máli. Samanburður við norsku sýnir einnig að þar eru skynjendur einungis í þágufalli.

⁶⁴ Aðalhandrit útg. er Holm perg 5 fol. (≈1350-1365) en til samanburðar eru AM 396 4to (≈1350-1400), 398 4to (≈1600-1700) og brot (11 blöð) í AM 219-220 fol. (elstu frá ≈1370-1380 en yngstu ≈1520-1540).

⁶⁵ Dæmið er úr AM 234 fol. (≈1340).

⁶⁶ Dæmið er úr Holm perg. 1 4to (≈1450-1500)

3.4.6 byrja

Í fornmáli kemur sögnin *byrja* fyrir með skynjanda í þolfalli og þágufalli í merkingunni ‘sæma, hæfa’. Í TOH er eingöngu að finna dæmi um skynjanda í þágufalli í þeirri merkingu, alls 16 dæmi úr átta heimildum. Auk þess eru fjögur dæmi sem gætu verið með þolfalli eða þágufalli, þar af eitt úr heimild með þágufalli. Í fornmálsorðabókum fundust þrjú dæmi um þolfallsskynjanda í heimildum sem eru ekki í TOH. Sögnin kemur einnig fyrir með þágufallslið í merkingunni ‘fá byr’ (sbr. (77)) og með þolfallslið í merkingunni ‘hefjast’ (sbr. (78)) en í hvorugri merkingunni eru dæmi um breytileika:

(77) **honum** byriaði vel. ok hellt hann suðr til Danmerkr.

(Egils saga 2001:26¹⁰ [≈1330-1370])⁶⁷

(78) Byriar her **þridia lut** sogunnar.

(Tveggja postula saga Jóns ok Jakobs 1874:595³⁵ [c1375-1400])⁶⁸

Í (79) og (80) eru dæmi um sögnina með skynjanda í þolfalli og athygli er vakin á því að dæmin eru ekki úr sama handriti:

(79) Avðigr maðr var i nøckurri borg takandi mikla fullsølv eptir fœður ok moður, allzkyns eignir fastar ok læsar, sem **fullrikan mann** byriar.

(Maríu saga I 1871:282¹² [≈1325-1375])⁶⁹

(80) Sua byriar ok **alla kristna menn** ... at lita stiornu þessa Mariam yfirdrottning einglanna.

(Maríu saga I 1871:684³ [≈1450-1500])⁷⁰

Í (81) og (82) eru sýnd dæmi um skynjanda í þágufalli:

(81)a. Þá bað konúngr, at hann skyldi honum undanskjóta: þvíat þat byrjar **þer**, þvíat leingi hefir með okkr vel verit.

(Inga saga Haraldssonar 1832:250 [≈1350-1375])⁷¹

⁶⁷ Dæmið er úr Möðruvallabók. Útgáfa prentar einnig önnur varðveitt brot af Egils sögu en dæmið er ekki varðveitt í þeim.

⁶⁸ Dæmið er úr AM 651 I 4to (≈1375-1400). Dæmisins er getið neðanmáls sem kaflafyrirsagnar í handritinu en er ekki prentað í meginmáli sögunnar í útg.

⁶⁹ Útg. fylgir Holm perg. 11 4to (≈1325-1375) en sýnir lesbrigði úr Holm perg. 1 4to (≈1450-1500). Lesbrigði við þetta dæmi eru sýnd þar sem í stað *allzkyns eignir fastar ok læsar, sem fullrikan mann byriar* stendur í Holm perg. 1 4to *i allzkyns eignum faustum ok lausum*. Þolfallsdæmið er því aðeins að finna í Holm perg. 11 4to.

⁷⁰ Dæmið er úr Holm perg. 1 4to (≈1450-1500) og fram kemur í formála (Maríu saga 1871:lxii) að jarteinin sem dæmið er úr sé einungis varðveitt í því handriti.

⁷¹ Aðalhandrit útg. er AM 66 fol. (Hulda, ≈1350-1375) en útg. getur lesbrigða úr GKS 1010 fol. (≈1400-1450) og Heimskringlu 35 fol., AM 36 fol. og AM 63 fol. (öll ≈1675-1700).

- b. Konungr bað, at hann skyldi honum undan skjóta, kvað **honum** þat byrja — » þvíat lengi hefir með okr vel verit.

(Inga saga Haraldssonar 1893-1900:395²² [≈1675-1700])⁷²

- (82) ek sé reyndar ... at eigi byrjar **mér** at gera Tófa líftjón.

(Egils þátrr Síðu-Hallssonar 1991:388 [≈1387-1395])⁷³

Í fornensku kemur sögnin *gebyrian* eingöngu fyrir með þágufalli og er í sömu merkingu og í forníslensku ‘sæma, hæfa’. Dæmi um hana er sýnt er í (83) (Gaaf 1904:4):

- (83)a. Syððan hine man byrigde, swa **him**^(bgf.) wel gebyrede.

- b. þis is se rihta geleafa þe **æghwylcum men**^(bgf.) gebyreð.

Miðað við fornensku virðist þágufall vera upprunalegt fall og meirihluti dæmanna í forníslensku er einnig með þágufalli. Því er líklegast að þolfall með *byrja* sé nýjung í forníslensku. Merking sagnarinnar er lík merkingu sagnanna *bera*, *hæfa* og *sæma* sem taka þágufallsfrumlag í íslensku jafnt að fornu og nýju og því kemur nokkuð á óvart að finnast skuli dæmi um þolfall.

3.4.7 *harma*

Í forn máli kemur sögnin *harma* fyrir með nefnifalli, þolfalli og þágufalli. Í merkingunni ‘sýna harm sinn, syrgja’ er nefnifall einrátt og 21 dæmi er um það í TOH. Dæmi um þessa merkingu eru sýnd í (84):

- (84)a. Nu þottizt enghe kunna at svara, at Brynhilldr beide þess hlegiande, ed **hun** harmade med grate. (Völsunga saga 1907:82¹² [≈1400-1425])⁷⁴

- b. **margir menn** havrmudu hann þviat hann var vínsæll.

(AM 133 fol. 35v9, Njáls saga [≈1350])

⁷² Aðalhandrit útg. er AM 35 fol., AM 36 fol. og AM 63 fol. (öll ≈1675-1700).

⁷³ Dæmið er úr GKS 1005 fol. (Flateyjarbók, ≈1387-1395).

⁷⁴ Útg. fylgir NKS 1824 b 4to (≈1400-1425). Í dæminu sést ritháttur sem virðist vera norskur (*enghe*) en í útgáfunni segir að enginn vafi sé á að skrifari þessa handrits sé íslenskur og að norskur ritháttur sumra orða séu norvagismar (Völsunga saga 1907:lxxvi). Með því er átt við að íslenskur skrifari hafi notað norska stafsetningu, hugsanlega ef flytja hefur átt handritið út til Noregs.

Ástæða þess að breytileiki virðist ekki koma fram í þessari merkingu er líklega sú að nefnifallsliðurinn er gerandi en ekki skynjandi.⁷⁵ Þó er merkingarmunurinn ekki alltaf alveg ljós eins og sést í dæmi (85):

(85) En hvener megi su stund i lifi minu, er **ek** muna eigi harma þat, er ek skal lifa leingr en hann? (Martinuss saga biskups II 1877:605⁸ [≈1400])⁷⁶

Í (85) er ekki útilokað að merkingin sé önnur en í dæmunum í (84).⁷⁷ Skýr breytileiki kemur hins vegar fram milli þolfalls og þágufalls í merkingunni ‘taka e-ð sárt, þykja miður’ þar sem greinilega er um að ræða frumlag sem er skynjandi (þó að sum nefnifallsdæmi megi túlka á tvo vegu). Í TOH eru fjögur greinileg dæmi um þolfall úr tveimur heimildum en ekkert dæmi um þágufall. Tvö óljós dæmi fundust auk þess með þolfalli eða þágufalli í heimild með greinilegu dæmi um þolfall og sex dæmi úr fimm heimildum um þolfall eða nefnifall. Þágufall fannst hins vegar í fornmálsorðabókum í texta sem er ekki í TOH auk þriggja nýrra þolfallsdæma. Í *Völsunga sögu* kemur sögnin fyrir með skynjanda í þolfalli:

- (86)a. Síþan mistum ver hans, ok var þat litid at bera eckiu nafn, enn þat harmar **mik** mest, er ek kom til þin. (Völsunga saga 1907:104¹² [≈1400-1425])
- b. Þer hafit nu drepit margha mina frendr, enn svikit mik fra rikinú ok fenu, rapit systur mina, ok þat harmar **mik** mest. (sama rit:98⁸ [≈1400-1425])
- c. er ek gada mins geþs, þa harmade **mik** þat, er þu vart eigi min kona. (sama rit:76²² [≈1400-1425])

Hér er um að ræða sama handrit og í dæmi (84) þar sem nefnifallsfrumlag var í annarri merkingu. Það bendir til þess að merkingarmunur sé á þolfalli og nefnifalli.

Merkileg dæmi eru um sögnina í *Þiðriks sögu af Bern* þar sem í elsta varðveitta handriti að sögunni eru dæmi um skynjanda í þolfalli en lesbrigði eru í yngri handritum þar sem breytileiki kemur fram milli nefnifalls og þolfalls á falli skynjandans og tölu sagnarinnar.

Í (87) hlýtur merkingin því að eiga að vera sú sama:

⁷⁵ Gerandi er alltaf frumlag í nefnifalli og frumlag í aukafalli getur aldrei verið gerandi (sbr. t.d. Jóhannes Gísli Jónsson 1997-98).

⁷⁶ Í útg. eru prentaðar þrjár gerðir sögunnar. Dæmið sem hér er vitnað til er úr gerð tvö sem er prentuð eftir handritinu AM 235 fol. (≈1400).

⁷⁷ Önnur dæmi í TOH sem hugsanlega eru í merkingunni ‘taka e-ð sárt, þykja miður’ eru hins vegar einungis varðveitt í ungum handritum frá 1600-1800, t.d. úr Fljótsdæla sögu, Grænlandinga þætti og Hrólfis sögu kraka (sbr. upplýsingar um sögunnar hjá Dróttkvæðaútgáfunni). Dæmið úr Martinuss sögu kann því að vera elsta dæmi um nefnifallsfrumlag í þessari merkingu.

(87)a. oc nv minnvmc ek hversu **mik** harmar en storo sar Sigurðar sveins.

(Þiðriks saga af Bern 1908-1911:297¹⁷ [≈1275-1300])

b. [oc nv minnvmc ek hversu] mik **harma** [en storo sar Sigurðar sveins.]

(lesbrigði úr AM 178 fol. [≈1600-1700])

c. [oc nv minnvmc ek hversu] **eg** harma [en storo sar Sigurðar sveins.]

(lesbrigði úr AM 177 fol. [≈1690-1691])⁷⁸

Til skýrleiksauka hafa lesbrigðin verið sýnd í nýjum endurgerðum dæmum í (87b,c).⁷⁹ Í handritinu frá 13. öld í (87a) og í ungri uppskrift í (87b) er skynjandinn í þolfalli. Í (87c) sem einnig er ung uppskrift er hins vegar nefnifallsliður og greinilegt að þar hefur merkingin runnið saman við dæmi á borð við (84). Í (88) er annað dæmi um þolfallsfrumlag úr heimild frá fyrri hluta 14. aldar:

(88) Allmiok harmar **mik**, segir hann, er ek skal með öngum kosti minu eyrendi til leidar koma.
(Stephanuss saga 1877:290²⁹ [≈1425-1445])⁸⁰

Í dæmi (89) kemur samsvarandi skynjandi og í (88) hins vegar fyrir í þágufalli:

(89) en harmar **mer** sva miok, at við þvi er buit, at ec mona sonlavs verþa.

(Blasíuss saga 1877:259⁴ [≈1325])⁸¹

Í forníslensku kemur *harma* oftast fyrir með þolfallsfrumlagi en strax á fyrri hluta 14. aldar kemur sögnin fyrir með skynjanda í þágufalli. Elsta dæmið um þolfallsskynjanda er hins vegar frá ofanverðri 14. öld. Í yngri íslensku virðist merkingin 'þykja leitt' með þolfalls- og þágufallsfrumlagi aftur á móti renna saman við merkinguna 'sýna harm sinn' og taka með sér nefnifallsfrumlag óháð merkingu.

3.4.8 höfga

Í forn máli virðist sögnin *höfga* hafa komið fyrir með skynjanda í nefnifalli, þolfalli og þágufalli. Í TOH eru fjögur dæmi um þágufallsfrumlag úr tveimur heimildum, eitt dæmi er um

⁷⁸ Aðalhandrit útg. er Holm perg 4 fol. (≈1275-1300) og lesbrigða er getið úr AM 178 fol. (≈1600-1700) og AM 177 fol. (≈1690-1691). Dæmin og lesbrigðin hafa verið staðfest í útg. C.R. Ungers (Þiðriks saga af Bern 1853:318).

⁷⁹ Með endurgerðum dæmum er átt við að lesbrigðum samanburðarhandritanna hefur verið skotið inn í aðal-textann til þess að munurinn sjáist betur. Texti aðalhandritsins er auðkenndur með hornklofum.

⁸⁰ Aðalhandrit útg. er Holm perg 2 fol. (≈1425-1445) en lesbrigða er getið úr AM 661 4to (≈1475-1500).

⁸¹ Þessi saga er prentuð eftir AM 623 4to (≈1325) en í stað *harmar mer* hefur handritið Holm perg 2 fol. (≈1425-1445) lesbrigðin *nu er harmr minn svo mikill*.

nefnifallsfrumlag en ekkert dæmi er um þofallsfrumlag. Sögnin kemur hins vegar fyrir með þolfallsfrumlagi í texta sem varðveittur er í ungu handriti og er ekki í TOH. Eina dæmið um frumlag í nefnifalli er í handriti frá um 1500:

(90) leið svâ nóttinn, en er mornaði, tók **Hrólfr** at höfga, ok vafði hann Vefreyjunaut utan at sèr. (Göngu-Hrólfs saga 1830:256¹⁹ [≈1500-1525])⁸²

Í dæmi (90) virðist merking sagnarinnar ekki vera ‘sofna’ heldur ‘verða syfjaður’ eins og sést á því að *Hrólfr **tekr** að höfga*. Merking sagnanna *höfga* og *sofna* er skyndileg og því er ekki hægt að dvelja við þann atburð eins og greinilega er gert í (90) með *taka* ‘gerast smám saman’. Ef *höfga* hefur getað merkt ‘verða syfjaður’ skýrir það hugsanlega dæmi um þolfallsfrumlag í jarsteinabók Þorláks biskups:

(91) ... ok vakti þá stund fyrir messudaginn, ok um messudaginn sjálfan kendi hún sýnt óhæginda, ok höfgaði **hana**. (Jarsteinabók Þorláks biskups önnur 1858:369 [1654])⁸³

Handrit þessa dæmis er mjög ungt og er því ekki fyllilega marktækt sem dæmi um forn-íslensku. Athyglisvert er hins vegar að í sömu jarstein kemur *höfga* tvisvar sinnum fyrir með þágufallsfrumlagi:

(92)a. Jóladað var hún í kirkju ok höfgaði **henni**. (sama rit:370 [1654])

b. Hinn þriðja dag í jólum at kveldi var hún at krossi, ok höfgaði **henni**.

(sama rit:370 [1654])

Merking þessara dæma virðist þó vera ‘sofna’ þar sem að á eftir öllum dæmunum þremur kemur fram að konuna dreymi Þorlák biskup. Ef sögnin hefur hins vegar verið nær merkingunni ‘verða syfjaður’ er ekki óeðlilegt að finna þar þolfall, sbr. einnig sögnina *syfja* sem tekur þolfall. Í forn máli koma einnig fyrir dæmi um að *ómeginshöfgi renni á e-n* (sbr. dæmi (93)) þar sem merkingin er greinilega ‘verða syfjaður’ og því er vel hugsanlegt að sú merking búi að baki þolfallsmyndinni. Í eldri jarsteinabók Þorláks biskups er einnig dæmi um *höfga* með þágufallsfrumlagi:

⁸² Aðalhandrit útg. er AM 152 fol. (≈1500-1525) en sjá um lesbrigði við nmsgr. 63. Dæmið hefur verið staðfest í útg. Íslendingasagnaútgáfunnar (Göngu-Hrólfs saga 1950:180²⁸).

⁸³ Dæmið er úr AM 379 4to (1654) og er úr 20. jarstein þar sem verða skil í jarsteinabókinni. Því er vafamál hvort þær tilheyri raunverulega jarsteinabók Þorláks. Jarsteinirnar eru hafðar með í útg. Íslendingasagnaútgáfunnar (Biskupa sögur I 1953:213-214) þar sem einnig er þolfallsliður en þær eru ekki prentaðar í útg. Hins íslenska fornritafélags (Biskupa sögur II 2002).

- (93) þa ran a hana omégins hófge. En þegar es **hene** hófgaðe. þa þotesc hon sia en seþa
Thorlac biscop. (Jarteinabók Þorláks biskups hin forna 1858:354 [≈1225-1250])⁸⁴

Annað þolfallsdæmi kemur fyrir í ungu handriti *Friðþjófs sögu frækna*:

- (94) kongur seigir **sig** hófge, og verd eg ad sofa. (Friðþjófs saga frækna 1893:33⁹ [≈1671])⁸⁵

Í þessu dæmi er greinilegt að orðið hefur merkingarbreyting þar sem *höfga* er farin að merkja ‘verða syfjaður’ en ekki ‘sofna’. Orðabækur (ÍDO og ÍO) gefa hins vegar einungis upp þágufall með *höfga* og því virðist breytingin í fljótu bragði ekki hafa náð verulegri útbreiðslu (sjá þó kafla 3.5). Þar sem þolfallsdæmin eru einungis í mjög ungum handritum er ekki hægt að fullyrða að breytileiki hafi komið fram með sögninni *höfga* í forníslensku. Þau dæmi kunna að vera til marks um merkingarbreytingu á síðari öldum.

3.4.9 *lysta*

Í fornmáli kemur sögnin *lysta* yfirleitt fyrir með þolfallsfrumlagi. Um það eru 17 greinileg dæmi í TOH úr 12 heimildum. Einnig eru sex óljós dæmi úr fimm heimildum um þolfall eða þágufall, þar af þrjú úr heimildum með þolfalli, og sex dæmi eru um nefnifall eða þolfall úr fimm heimildum. Samkvæmt athugun Halldórs Halldórssonar (1982) gat sögnin hins vegar líka tekið með sér frumlag í þágufalli í fornnorsku. Það norska dæmi hefur athugun mín staðfest auk þess sem tvö dæmi til viðbótar hafa fundist um þágufall, annað í fornnorsku en hitt í forníslensku. Dæmi eru sýnd um skynjanda í þolfalli í (95)-(97):

- (95) enda ma ek ecki *annat* en sofa sem **mik** lystir.

(AM 132 fol. 113ra6, Finnboga saga ramma [≈1330-1370])

- (96) Þar hefir þú jafngjarn á verið er **þig** lysti þessa.

(Ljósvefninga saga 1987:1688 [≈1420-1450])⁸⁶

- (97) Æ lyster **þig** // ædru at mæla.

(Hálfs saga ok Hálfsrekka 1981:180⁵⁴ [≈1450])⁸⁷

⁸⁴ Dæmið er úr AM 645 4to (≈1225-1250). Þágufallsfrumlagið hefur verið staðfest í útg. Íslendingasagna-útgáfunnar (Biskupa sögur I 1953:189) og Hins íslenska fornritafélags (Biskupa sögur II 2002:137).

⁸⁵ Dæmið er úr Holm papp. 17 4to [1671]. Í útg. er sagan einnig prentuð eftir AM 510 4to (≈1550) en þar er *syfja* í stað *höfga* (Friðþjófs saga frækna 1893:57²⁴) og AM 568 4to (≈1650-1700) þar sem segir: „luefnugt gerir mier“ (sama rit:85²⁷).

⁸⁶ Dæmið er úr AM 162 C fol. (≈1420-1450).

⁸⁷ Dæmið er úr GKS 2845 4to (≈1450).

Í dæmi (98) er hins vegar dæmi um skynjanda í þágufalli úr forníslensku handriti frá því um miðja 14. öld:

(98) er Marius sá gleði þeira lèt hann minnka sóknina ok lèt þá skynja hvat er **þeim** lysti.
(Rómverja sögur 1860:138²¹ [≈1350-1360])⁸⁸

Þetta er eina dæmið um þágufall með sögninni í forníslensku. Í fornnorsku fannst hins vegar annað dæmi um þágufall í sama texta og Halldór hafði fundið sitt dæmi:

(99)a. ... at enge hindran halde þæim apr, at þær leiþi æige fyrihugsapan glæp til þæirra lykta, sem **þæim** til lyster. (Thómass saga erkibiskups 1869:252¹⁵ [norskt, ≈1300])
b. ok meðr ollu ecke vilia þær hans heilræðe þeckiaz, þi at **þæim** lyster at mæþa hann meðr sinum motgange. (sama rit:164¹⁶ [norskt, ≈1300])⁸⁹

Vísbendingu um upprunalegt fall veitir fornenska þar sem sögnin *lystan* kemur fyrir með skynjanda í þolfalli (sbr. Gaaf 1904:8):

(100)a. . . . þu þe fore up to us gif **þe**^(bf.) lyste.
b. **þone aglæcan**^(bf.) ætes lystep.

Miðað við fornensku virðist þolfall vera upprunalegt fall og eins og öll dæmanna nema eitt í forníslensku staðfesta. Dæmi um skynjanda í þágufalli fannst í forníslensku handriti frá um miðri 14. öld og því var ekki aðeins breytileiki milli þolfalls og þágufalls í fornnorsku eins og athugun Halldórs benti til.

3.4.10 *skipta*

Í fornmáli gat sögnin *skipta* tekið með sér skynjanda í þolfall og þágufalli í merkingunni ‘vera e-m mikilvægt’. Greinileg dæmi í TOH um þolfall eru 17 úr 12 heimildum en um þágufall eru fjögur dæmi úr jafnmörgum heimildum. Auk þess eru sjö óljós dæmi úr fimm heimildum um nefnifall eða þolfall, þar af tvö úr heimildum með greinilegu dæmi um þolfall, og tvö óljós dæmi úr jafnmörgum heimildum um þolfall eða þágufall. Í handriti frá um 1200 koma fyrir tvö dæmi um þolfall á skynjanda:

⁸⁸ Dæmið er úr AM 226 fol. (≈1350-1360).

⁸⁹ Dæmið er úr Holm perg. 17 4to (norskt, ≈1300), úr eldri gerð sögunnar. Í sömu útgáfu er samnefnd saga einnig í yngri gerð prentuð eftir handritinu GKS 1008 fol. (Tómasskinna, ≈1400) þar sem texti sögunnar er annar.

(101)a. Nu skiptir þat eigi allmiklo þa menn er nu ero i heimnom hve lanct þat skeiþ er.
(Holm perg. 15 4to 71v11, Íslensk hómilíubók [≈1200])

b. Nu skipteri hvern miklo meira at þa væri vel við buinn er hann kœmr.
(Holm perg. 15 4to 71v13, Íslensk hómilíubók [≈1200])⁹⁰

Í handriti sem einnig er frá um 1200 er dæmi um skynjanda í þágufalli:

(102) Oc en i annat sinn bað hann fresta a oc kalladi ser þa miclo meira skipta.
(Nikuláss saga erkibyskups I 1877:48¹⁰ [≈1200])⁹¹

Í handriti frá um miðri 14. öld koma fyrir dæmi með þolfallsfrumlagi í mismunandi sögum:

(103)a. þat mun þik skipta engu. (AM 132 fol. 14r11, Njáls saga [≈1330-1370])

b. ek ætla þik þat engu skipta.
(AM 132 fol. 141vb22, Droplaugarsona saga [≈1330-1370])

c. huat mundi þik þat skipta. (AM 132 fol. 152va6, Hallfreðar saga [≈1330-1370])

d. hitt skiptir hana enn meira at hon eig<i> þetta nafn lengi.
(AM 132 fol. 172ra11, Laxdæla saga [≈1330-1370])

Í sama handriti og í (103) (og í sömu sögu og í (103d)) er einnig dæmi um skynjanda í þágufalli, eins og sést í dæmi (104):

(104) Suertingr ... q(uað) sier miklu mali skipta at þeir bæri eigi farminn af skipinu.
(AM 132 fol. 177rb8, Laxdæla saga [≈1330-1370])

Ekki er að sjá að nokkur merkingarmunur sé á þolfalli í (103d) og þágufalli í (104). Í báðum dæmum tekur sögnin með sér skýringarsetningu en í (103d) tekur hún þó ekki með sér sama nafnlið og í (104): *skipta meira andspænis skipta miklu máli*. Ekki er alveg óhugsandi að um aðra notkun sé að ræða en í fyrra dæminu gæti *máli* einnig verið undanskilið. Í (105) er dæmi um þágufall úr handriti frá ofanverðri 14. öld:

(105) en þo se <ec> þer ekki þat skipta huort þu georir þitta.
(GKS 1005 fol. 26v7, Jónsvíkinga saga [≈1387-1395])⁹²

⁹⁰ Í uppskrift Leeuw van Weenen (1993:71v13) á handritinu er „skipteri“ einnig leyst svo upp. Hér er um að ræða sögnina *skipta* og því er von á orðmyndinni „skiptir“.

⁹¹ Dæmið er úr handritinu AM 655 III 4to (≈1200) og er úr viðauka sem prentaður er aftan við söguna.

Loks eru tvö dæmi um þágufallsfrumlag í yngri handritum:

(106) mun þier nokkuru skipta Þordur huern veg mier vyrdist kuædid.

(AM 518 4to 1v10, Gull-Ásu-Þórðar þátrr [≈1600-1700])⁹³

(107) ... fyrir víst vil ek sjá hann ok virða fyrir mér, hverr slægr mér þykkir í vera, ok mun honum þat miklu skipta, hvern veg mér virðiz hann fyrir augum.

(Vatnsdæla saga 1934:12²⁶ [≈1700])⁹⁴

Dæmið í (106) er líklega ómarktækt um forníslensku þar sem uppskriftin virðist ekki vera nákvæmlega eftir eldra handriti (sbr. nmgr. 92). Dæmi (107) kann hins vegar að vera raunverulegt formálsdæmi þar sem það er nákvæm uppskrift á gömlu handriti sem brann að mestu 1728 (sbr. nmsgr. 57).

Þolfallsdæmið í (103d) og þágufallsdæmið í (104) eru sérstaklega áhugaverð þar sem þau sýna breytileika í sama texta sem líklegt er að einn og sami maður hafi skrifað upp (þó líklega eftir ólíkum forritum). Algengast er að með sögninni *skipta* sé skynjandi í þolfalli. Ef miðað við aldur dæmanna verður ekki úr því skorið hvort fallið er upprunalegra þar sem strax í elstu íslensku kemur fram breytileiki milli þolfalls og þágufalls.

3.4.11 skorta

Í formáli kemur sögnin *skorta* fyrir með skynjanda í þolfalli og þágufalli. Sögnin er nokkuð algeng og í TOH eru 70 greinileg dæmi um þolfallsfrumlag úr 37 heimildum en ekkert greinilegt dæmi um frumlag í þágufalli. Auk þess eru 37 dæmi um nefnifall eða þolfall úr 19 heimildum, þar af 23 dæmi úr heimild með greinilegu þolfalli, og 25 dæmi um þolfall eða þágufall, þar af 20 dæmi úr heimild með greinilegu þolfalli. Tvö eins dæmi um þágufall hafa hins vegar fundist í formálsorðabókum. Í (108)-(110) eru dæmi um skynjendur í þolfalli í handriti frá 14. öld:

⁹² Í GKS 1005 fol. (Flateyjarbók, ≈1387-1395) virðist standa „en þo fc þer ...“ (þ.e. *en þó sc þér*) en óljóst er hvað það á að merkja. Í útg. Ólafs Halldórssonar (Jómsvíkinga saga 1969:197) hefur pfn. *ek* verið skotið inn: „en þó sé <eg> þér ekki það skipta ...“ (innskot táknað í útg. með oddklofum < >).

⁹³ Dæmið er skrifað upp eftir AM 518 4to (≈1600-1700). Það hefur einnig verið staðfest í útg. Hins íslenska fornritafélags (Gull-Ásu-Þórðar þátrr 1950:340). Þar segir að AM 518 4to sé sjálfstæð gerð sögunnar en hún er einnig varðveitt í konungasagnagerð í hdr. GKS 1009 fol. (≈1275), AM 66 fol. (≈1350-1375) og GKS 1010 fol. (≈1400-1450). Sú gerð er hins vegar efnislega frábrugðin AM 518 4to og þar vantar dæmið.

⁹⁴ Um handrit útg. sjá nmgr. 56. Dæmi hefur einnig verið staðfest í útg. Guðbrands Vigfússonar og Theodors Möbius (Vatnsdæla saga 1860:11⁵) sem byggist á sama handriti.

- (108) þann tíma kom hallæri mikít sua at **menn** skorti bæði hey ok mat ok geck þat vm allar sueitir. (AM 132 fol. 17rb16, Njáls saga [≈1330-1370])⁹⁵
- (109)a. en yðr er þat sannast at segia konungr at **alpyduna** skortir ecki annat til motgangs við yðr. en dirfð ok forstiora. (AM 132 fol. 66rb11, Egils saga [≈1330-1370])
- b. en ecki mun **þik** fe skorta egill. (AM 132 fol. 84ra31, Egils saga [≈1330-1370])
- (110) þorkatli likaði þat vel þviat **mik** skortir eigi faun<g> til at leggja framm sua sem yðr likar. (AM 132 fol. 190rb14, Laxdæla saga [≈1330-1370])

Um þágufallsfrumlag eru eingöngu dæmin sem nefnd voru í (43) sem Halldór Halldórsson (1982) hafði þegar fundið í athugun sinni. Þau eru endurtekin hér til hægðarauka:

- (111)a. EN allt þat er **honom** scortir i vm vættin. þa scal sa queðia til xii. quiðar Goða þan er sa er iþingi með er sottr er. (Grágás 1852:242 [≈1250])⁹⁶
- b. EN alt þat er **honom** scortir i vm vétin. þa scal sa queþia til xii. quiðar Goða þan er sa er iþingi með er sottr er. (Grágás 1879:92 [≈1260-1270])⁹⁷

Af fjölda dæma í forníslensku verður ekki annað ráðið en að þolfall sé upprunalegt fall á skynjanda með *skorta* þó að í Grágás hafi fundist tvö dæmi. Dæmin um þágufall geta þó varla talist nema eitt því þau virðast skrifuð hér um bil stafrétt hvort eftir öðru eða eftir annarri heimild. Þar sem um lögbókartexta er að ræða er varla hægt að gera ráð fyrir að skrifari t.d. seinna dæmisins myndi breyta *honom* í *hann* þó að það samrýmdist betur máltilfinningu hans því mikil áhersla hlýtur að hafa verið lögð á að skrifa nákvæmlega upp eftir frumriti lög- bókarnnar til þess að lögin væru áreiðanleg.

3.5 Illgresi í akri Fritznars

Áður en dæmin um sagnirnar höfðu verið gátuð virtist breytileiki vera talsvert meiri en nánari athugun leiddi í ljós. Í formálsorðabók Fritznars fundust dæmi um skynjanda í þágufalli með eftirtöldum sögnum auk þeirra sem nefndar voru í (45):

⁹⁵ Dæmið er svo í Möðruvallabók en samkvæmt útg. Njáls sögu (1875:205²⁸) vantar liðinn *menn* í GKS 2868 4to (Skafinskinna, ≈1350-1400) og GKS 2870 4to (Gráskinna, ≈1300). Sú útgáfa fylgir AM 132 fol. en sýnir lesbrigði úr AM 133 fol. (Kálfalækjarbók, ≈1350), AM 162 b fol. (líklega átt við AM 162 b ð fol, Þormóðsbók ≈1300), AM 309 4to (Bæjarbók í Flóa, ≈1498), AM 466 4to (Oddabók, ≈1460), GKS 2868 4to, GKS 2869 4to (Sveinsbók, ≈1400) og GKS 2870 4to.

⁹⁶ Dæmið er úr GKS 1157 fol. (Konungsbók, ≈1250).

⁹⁷ Dæmið er úr AM 334 fol. (Staðarhólsbók, ≈1260-1270).

(112) forvitna, gruna, ugga, vanta, vara, þrjóta.

Fornmálsorðabækurnar sýna dæmi um raunverulegar setningar úr fornheimildum og þess er sérstaklega getið í formála í hvaða útgáfur er vitnað. Svo undarlega vill hins vegar til að í þeim útgáfum sem Fritzner kveðst nota er skynjandinn með fyrrnefndum sögnum alls ekki í þágufalli eins og þar er sýnt. Hvergi hafa fundist dæmi um að sagnirnar í (112) komi fyrir með skynjanda þágufalli í fornmáli. Röng þágufallsdæmi um sagnirnar eru sýnd í (113)-(119):

Rangt þágufallsdæmi með *forvitna* (Fritzner:59 → *eyland*):⁹⁸

(113)a. forvitnar **mér** ok þat, hvárt þér ætlit, at þat sé meginland eða eyland *Kgs.* 42⁷

b. Svá forvitnar **mik** ok þat, hvárt þér ætlit at þat sé meginland eða eyland.

(Konungsskuggsjá 1848:42⁷)⁹⁹

Rangt þágufallsdæmi með *gruna* (Fritzner:657 → *grön*):

(114)a. **mér** grunar, at þér verði hér annat fyrir grönnum ...*Ridd.* 162¹⁶

b. En **mik** grunar at þér verði hér annat fyrir grönnum ... (Mírmanns saga 1872:162³³)¹⁰⁰

Rangt þágufallsdæmi með *ugga* (Fritzner:19 → *hlutr*):

(115)a. **mér** uggir, at hér muni eigi gæfumenn hlut í eiga *Nj.* 119 (179²⁸)¹⁰¹

b. **mik** uggir at her muni eigi gæfumenn í hlut eiga. (Njáls saga 1772: 179²⁸)¹⁰²

Rangt þágufallsdæmi með *vanta* (Fritzner:33 → *algerleikr*):

(116)a. sýndu mér, dróttinn! ef **mér** vantar nökkut á algerleik. *Heilag.* II, 666³⁶

b. Sýndu mer drottinn, ef **mik** vantar nöckut a algerleik. (Vitæ patrum 1877: 666³⁶)¹⁰³

Röng þágufallsdæmi með *vara*:

(117)a. hljóp B. út at þeim váðveifliga, at **þeim** varir minnst *Hít.* 48¹¹

⁹⁸ Þegar dæmin frá Fritzner eru sýnd er staðsetningin sem hann gefur upp tekin með (skáletruð á eftir máldæminu). Þessar upplýsingar eru sýndar til þess að greinilega sjáist að tilvísanir Fritzners stemmi upp á línu við útgáfunar sem ég fletti upp í.

⁹⁹ Dæmið er úr AM 243 b a fol. (≈1275) og hefur einnig verið staðfest með þolfalli í útg. Holm-Olsens (Konungsskuggsjá 1945:29²⁴) og í útg. Brenners (Konungsskuggsjá 1881:49-50).

¹⁰⁰ Dæmið sem Fritzner vitnar í er úr AM 593 a 4to (≈1450-1500) en ofar á síðunni (á þeim stað í línu sem Fritzner vitnar til) er dæmið prentað eftir handritinu Holm perg. 6 4to (≈1400-1425). Þar stendur: En mik **grunat** at þér verði hér annat fyrir grönnum [...] (162:¹⁵⁻¹⁶). Staðfest með þolfalli í báðum handritum í útg. Stofnunar Árna Magnússonar (Mírmanns saga 1997:35⁴⁴,35³³).

¹⁰¹ Vísunin „119“ merkir hjá Fritzner að dæmið sé úr 119. kafla í útgáfunni, sbr. athugasemd hans um þessa útgáfu: „De vedføiede Tal angive Sagens Kapitler“ (Fritzner:ix).

¹⁰² Dæmið hefur verið staðfest með þolfalli í AM 132 fol. 41rb24 (≈1330-1370).

¹⁰³ Engar aðrar útgáfur eru til samanburðar (sjá Stefán Karlsson 1969).

(Fritzner:838 → *váðveifliga*)

b. þá hljóp Björn út at þeim váðveifliga, at þá varir minnst.

(Bjarnar saga Hítðalakappa 1847:48¹¹)¹⁰⁴

(118)a. varir **mér**, at þér reifi íllu, ef þú ferr *Krók*. 25²⁸ (Fritzner:63 → *reifa*)

b. varir **mig**, at þier reife illu, ef þu ferr (Króka-Refs saga 1883:25²⁸)¹⁰⁵

Rangt þágufallsdæmi með *þrjóta* (Fritzner:33 → *efni*):¹⁰⁶

(119)a. þryti **mér** fyrir stundin til frásagnar, en efnit til umræðu *Barl*. 50⁸

b. þryti **mik** fyrir stundin til frásagnar heldr en emnit til vmræðu.

(Barlaams saga ok Jósafats 1851:50⁷⁻⁸)¹⁰⁷

Auk sagnanna í (112) fundust dæmi sem voru ranglega sögð hafa þágufallslið meðal eftirtalinna sagna (en önnur dæmi um þær reyndust rétt):

(120) lysta, skipta, skorta.¹⁰⁸

Greinilega ber því að taka dæmum hjá Fritzner með nokkurri varúð. Dæmin sem reyndust röng áttu það sameiginlegt að vera ekki undir uppflöttiorði sagnarinnar (nema í tilviki *skipta*) og því er hugsanlegt að Fritzner eða aðstoðarmenn hans hafi ekki vandað jafn vel til verks í slíkum dæmum. Dæmin eru auk þess aðeins í 2. útgáfu bókarinnar (Fritzner 1896) en eru ekki í 1. útgáfunni (Fritzner 1867). Ekki fundust heldur leiðréttingar á dæmunum í *Rettelser og tillæg*.

Þar sem dæmunum var í öllum tilvikum flett upp í yngri útgáfum textanna (þar sem það var hægt) og í sumum tilvikum einnig í handritum er nær útilokað að Fritzner hafi sjálfur leiðrétt dæmin eftir handritum eða öðrum/yngri útgáfum sem hann kann að hafa haft aðgang að í 2. útgáfu. Einnig voru teknar stikkprufur á þolfallsdæmum með nokkrum sögnum til þess

¹⁰⁴ Dæmið er í skinnbókarbrotinu AM 162 F fol. (≈1350-1400) og hefur verið staðfest með þolfalli í útg. Boers (Bjarnar saga Hítðalakappa 1893:51⁸)

¹⁰⁵ Dæmið er úr AM 471 4to (≈1450-1500) og hefur verið staðfest með þolfalli í útg. Hins íslenska fornritafélags (Króka-Refs saga 1959:144).

¹⁰⁶ Undir uppflöttiorðinu → *frásögn* er dæmið hins vegar með þolfalli og lítið eitt frábrugðið þó að tilvísun í textann sé sú sama: „þrýtr **mik** fyrir stundin til frásagnar, heldr en emnit til umræðu *Barl*. 50⁸“ (Fritzner:291).

¹⁰⁷ Dæmið er úr Holm perg. 6 fol. (≈1275) og hefur verið staðfest í útg. Rindals (Barlaams saga ok Jósafats 1981:42⁹).

¹⁰⁸ Sjá dæmin sem um ræðir hjá Fritzner (uppflöttiorð innan sviga): *lysta* (770 → *mæti*), *skipta* (344 → *skipta*), *skorta* (272 → *skaði*; 516 → *fyrir*).

að ganga úr skugga um að ekki hefðu orðið sambærileg mistök þar. Engin dæmi um þolfallsfrumlög sem vitnað er í hjá Fritzner hafa hins vegar reynst vera röng.

3.6 Breytileikinn í yngri íslensku

Forvitnilegt er að athuga hver þróunin varð með sögnunum í kafla 3.4 í yngri íslensku. Slíkur samanburður er sérstaklega áhugaverður með sögnunum *höfga* og *bresta* sem komu eingöngu fyrir með þágufallsfrumlagi í elstu handritum en breytileiki fannst í handritum frá um 1700. Helstu heimildir um íslensku síðari alda er Ritmálssafn Orðabókar Háskólans (ROH) með safn dæma úr íslenskum ritheimildum frá miðri 16. öld til ofanverðrar 20. aldar og í TOH er líka hægt að leita í textum frá 16., 17. og 18. öld. Einnig er hægt að athuga orðabækur, bæði orðabækur yfir nútímamál (sem sýna gjarnan dæmi um eldri notkun sagna) og eldri orðabækur frá 17. og 18. öld.

Athugun á ROH og TOH í yngri íslensku leiddi í ljós að sagnirnar *angra*, *bila* og *bresta* koma þar einungis fyrir með skynjanda í þolfalli (*angra* kemur þó einnig fyrir sem áhrifssögn með greinilegu þolfallsandlagi og í miðmynd með nefnifallsfrumlagi). Sagnirnar *ánægja*, *byrja* og *bíhaga* koma einungis fyrir með skynjanda í þágufalli. Elsta dæmi um *ánægja* sem áhrifssögn er með þágufallsandlagi í texta frá 1678 sem bendir til þess að þágufall sé hið upprunalegt frumlagsfall með sögninni.¹⁰⁹ Nefnifalls- og þolfallsfrumlag er með sögninni *höfga* en ekkert dæmi er hins vegar um þágufallsfrumlag. Sögnin *lysta* kemur yfirleitt fyrir með skynjanda í þolfalli en eitt dæmi er um þágufall frá miðri 19. öld. Sögnin *harma* kemur eingöngu fyrir í merkingunni ‘syrgja, sýna harm sinn’ og þá með nefnifallsfrumlagi. Engin dæmi eru um *skipta* í merkingunni ‘vera e-m mikilvægt’. Sögnin *skorta* kemur fyrir með fyrir með skynjanda í þolfalli nema í einu dæmi úr ROH frá síðari hluta 20. aldar þar skynjandinn er í þágufalli.

Samkvæmt ÍDO og ÍO eru sagnirnar *angra* og *harma* eingöngu áhrifssagnir og *skorta* og *skipta* eru sagðar með frumlagi í þolfalli. Hvorug orðabókanna sýnir *ánægja* með aukafallsfrumlagi en báðar merkja hana sem gamalt mál. Sögnina *bíhaga* vantar hins vegar alveg í báðar orðabækur. Í ÍO er *bila* ekki sýnd með aukafallsfrumlagi en í ÍDO er þágufall gefið upp með orðasambandinu *bila áræði* (annars stendur sögnin með þolfallsfrumlagi). ÍO sýnir *bresta* eingöngu með þolfallsfrumlagi en ÍDO sýnir einnig þágufall innan sviga og segir það vera sjaldgæft. Bæði ÍDO og ÍO sýna *byrja* ‘hæfa, sæma’ og *höfga* ‘e-r blundar’ eingöngu

¹⁰⁹ Sjá ROH: Alþingisbækur Íslands VI:240. Næsta dæmi um sögnina sem áhrifssögn er frá 1748, sbr. ROH: Einstakar skjala- og vísitásubækur úr Prófastsskjalasafni V1 A2:86).

með þágufallsfrumlagi. Loks er sögnin *lysta* í báðum orðabókum sögð standa með þolfallsfrumlagi en sögnin með þágufallsfrumlagi er sögð gamalt mál. Af eldri orðabókum má nefna *Lexicon Islandicum* frá síðari hluta 17. aldar og *Nucleus Latinitatis* frá fyrri hluta 18. aldar sem sýndu þolfall með *bresta*, *lysta* og *skorta* en fallmörkun sást ekki með öðrum sögnum.¹¹⁰

Tafla 1: Sagnirnar í yngri íslensku (1540-) ÍDO, ÍO, <i>Lexicon Islandicum</i> , <i>Nucleus Latinitatis</i> , ROH, TOH.				
Sögn	Nf.	Þf.	Þgf.	Áhrifssögn
angra		x		x
ánægja				x
bila		x	x	
bíhaga			x	
bresta		x	x	
byrja			x	
harma				x
höfga	x	x	x	
lysta		x	x	
skipta				
skorta		x	(x) ¹¹¹	

Samanburður við yngri íslensku sýnir því að *höfga* hafði greinilega tilhneigingu til þess að taka með sér skynjanda í nefnifalli og þolfalli eins og 17. aldar handrit bentu til (sbr. kafla 3.4.8). Heimildum um yngri íslensku ber ekki alveg saman um fallmörkun með sumum sagnanna en frávik eru frá viðurkenndri nútímaíslensku með sögnunum *bila*, *bresta*, *höfga* og *lysta* (auk þágufallsfrumlags með *skorta* í dæmi frá ofanverðri 20. öld).

4. Samantekt og niðurstöður

Þegar tínd hafa verið til dæmi um breytileika milli þolfalls og þágufalls vaknar sú spurning hvernig standi á því að einmitt þessar sagnir sýni slíkan breytileika en ekki aðrar. Til frekari glöggvunar á breytileikanum í forníslensku er í (121) endurtekinn listi yfir sagnir með þolfallsfrumlagi (skynjunarsagnir eru skáletraðar og strikað er undir tilbrigðasagnirnar):

(121) *angra*, *ánægja*, *bíhaga*, belgja, bera⁽¹⁾, bera⁽²⁾, *bila*, birta, bíða, blása, *bresta*, brjóta, brydda, *byrja*⁽¹⁾, byrja (upp)⁽²⁾, daga (uppi), deyfa, draga, drepa, *dreyma*, dökkva, enda,

¹¹⁰ Einnig var athuguð íslensk-latnesk-dönsk orðabók frá fyrri hluta 19. aldar (sjá Björn Halldórsson 1992) en þar kom fallmörkun hins vegar ekki fram.

¹¹¹ Þágufallsdæmið er frá ofanverðri 20. öld.

endrnýja, fá, fela, fella, fenna, festa, fjara, flæða, *forvitna*, frjósa, *fylla*, *fýsa*, gera, geta, *girna*, *gleðja*, *greina á*, *gruna*, grynna, hafa (út), *harma*, hefja⁽¹⁾, hefja (upp)⁽²⁾, *heimta*, henda, herða, heyra, *hryggja*, *hungra*, *höfga*, *iðra*, kala, kefja, keyra, knýta, *kosta*, kreppa, kveða, kvelda, kyrra, *langa*, *langa til*, leggja, leiða, lengja, lesta, leysa, líða, *lysta*, lýsa, lægja, *minna*, minnka, *misminna*, *muna*, *naudsynja*, *nátta*, opna, *ógleðja*, *ómætta*, ónýta, *ótta*, reiða, reka, rifna, rjúfa, ryðja, rýma, ræsa, saka, *setja*, setja að, sjá, skaða, skemma, skilja, *skilja á*, *skipta*, *skorta*, slíta, *slægja*, stemma (uppi), steypa, *stinga*, stækka, stæra, *sundla*, *svimra*, *syfja*, *sýna*, *sækja*, taka, *tíða*, tíma, *trega*, *ugga*, *undra*, *vanta*, *vara*, *varða*, vatna, vekja upp, *velgja*, velkja, verpa, *vilna*, *virkJa*, vægja, *væna*, *vænta/vætta*, þrjóta⁽¹⁾, þrjóta⁽²⁾, *protta*, þynna, *þyrsta*, æsa, *öfunda*.

Af þeim sögnum sem taldar eru upp í (121) sést að einungis sagnir með skynjandafrumlagi sýna merki um breytileika milli þolfalls og þágufalls. Það dugir þó ekki til þess að skýra það að breytileiki komi fram með þeim 11 sögnum sem eru undirstrikaðar þar sem mjög stór hluti sagnanna á listanum tekur með sér skynjandafrumlag (57 af 138 sögnum ≈ 41,3%). Aðrar sagnir sem taldar eru upp taka með sér þemafrumlag (81/138 ≈ 58,7%) og sýna ekki breytileika milli þolfalls og þágufalls. Þessi niðurstaða er í samræmi við niðurstöður um þágufallssýki í nútímamáli þar sem breytileika milli þolfalls og þágufalls í nútímamáli gætir aðeins með sögnum sem tákna skynjun eða vöntun, þ.e. sögnum með skynjandafrumlögum. Sagnir með þemafrumlögum tákna hins vegar breytingu eða hreyfingu og hafa ekki tilhneigingu til þess að fá þágufall.

Flestar sagnanna sem sýna breytileika teljast til tilfinningasagna (*angra*, *ánægja*, *bila*, *bíhaga*, *byrja*, *harma*, *lysta* og *skipta*) en tvær sagnanna eru vöntunarsagnir (*bresta* og *skorta*) og ein er líkamssögn (*höfga*). Dæmi um þolfall með *höfga* og *bresta* koma þó einungis fyrir í mjög ungum handritum og því er óvíst hvort þær sýni raunverulega merki um breytileika á forníslensku málstigi. Þar sem meirihluti sagnanna eru tilfinningasagnir virðist ekki vera fullkomlega tilviljanakennt hvaða sagnir sýna breytileika og hverjar ekki. Á hinn bóginn má þá spyrja hvers vegna einmitt þessar tilfinningasagnir sýna merki um breytileika en ekki til dæmis *forvitna*, *fýsa*, *gleðja*, *hryggja* eða *ugga*. Af vöntunarsögnum ætti breytileiki einnig að geta komið fyrir með *þrjóta*, *protta* og *vanta* en engin dæmi hafa fundist um tilbrigði í fallmörkun með þeim. Einnig er von á því að líkamssagnirnar *hungra*, *sundla*, *svimra*, *syfja* og *þyrsta* gætu sýnt dæmi um breytileika en það gera þær ekki. Í nútímaíslensku var tíðni

þágufalls með þolfallssögnum há með sögnum sem tákna líkamlegar tilfinningar (sjá kafla 2.2.3) og því er athyglisvert að svo virðist ekki vera í forníslensku.

Margar þolfallssagnanna virðast hins vegar hafa verið ákaflega óalgengar í forn máli og því er viðbúið að breytileiki sem kann að hafa verið til staðar í máli einhverra málhafa birtist ekki í varðveittum textum. Til þess að gefa mynd af því hve algengar sagnirnar voru í forn máli verður nú gefið yfirlit yfir fjölda dæma um sagnir með skynjendum í þolfalli. Í viðauka er einnig svipuð tafla yfir allar sagnir með þolfallsfrumlagi þar sem sýndar eru merkingarskýringar við hverja sögn. Talningin (sbr. töflu 2) miðast við öll dæmi sem hafa fundist um sagnirnar í TOH, í forn málsorðabókum og í orðstöðulyklum en yfirlitið sýnir eingöngu hve mörg dæmi eru um sögnina í þeirri merkingu sem hún getur tekið með sér þolfallsfrumlag. Yfirlitið gefur því **ekki** hugmynd um hve mörg dæmi hafa fundist um þolfall eða þágufall. Í þeim tilvikum sem dæmi eru um sögnina þar sem frumlagið *gæti* verið í nefnifalli eða þolfalli eru þau því talin með en þó því aðeins að a.m.k. eitt greinilegt þolfallsdæmi sé um sögnina. Með þessu móti fæst gróf hugmynd um það hversu algengar sagnirnar voru í forníslensku.

Tafla 2: Sagnir með þolfallsskynjanda í hækkandi tíðniröð

Taflan sýnir fjölda dæma úr öllum gagnasöfnum um hverja sögn í þeirri merkingu sem þolfallsskynjandi getur staðið með henni. Talin eru með dæmi þar sem fall liðar er í þágufalli, eins ef fallið er óljóst eða frumlagið vantar alfarið, þó því aðeins að a.m.k. eitt greinilegt dæmi sé um þolfallsfrumlag.

gleðja	1	svimra	3	forvitna	8	varða	18
heimta	1	sýna	3	hryggja	8	<u>byrja</u> ⁽¹⁾	19
misminna	1	nauðsynja	4	<u>harma</u>	9	<u>skipta</u>	19
muna	1	sækja	4	trega	9	ugga	19
stinga	1	þrota	4	fylla	10	þyrsta	20
sundla	1	tíða	5	kosta	11	<u>angra</u>	21
velgja	1	virkja	5	greina á	12	skilja á	31
vilna	1	<u>ánægja</u>	6	hungra	12	fýsa	32
langa	2	<u>bila</u>	6	syfja	13	vænta/vætta	37
nátta	2	girna	6	langa til	14	<u>lysta</u>	40
ótta	2	<u>höfga</u>	6	<u>bresta</u>	15	<u>skorta</u>	67
slægja	2	minna	6	þrjóta ⁽²⁾	15	vara	72
væna	2	setja	6	vanta	15	gruna	92
ógleðja	3	iðra	7	undra	16	dreyma	271
ómætta	3	<u>bíhaga</u>	8	öfunda	18		

Þegar hefur verið minnst á tíðni í tengslum við barnamál og það hvort börnum tekst að læra málfræðileg atriði sem eru óregluleg (sjá kafla 2.4). Forvitnilegt er að líta á töfluna með þetta í huga. Af þeim sögnum með skynjandafrumlagi sem sýna breytileika milli þolfalls og

þágufalls geta einungis tvær talist algengar: *lysta* (40 dæmi) og *skorta* (67 dæmi). Um rúman þriðjung sagnanna ($22/59 \approx 37,3\%$) eru fimm dæmi eða færri og um rúmlega helming sagnanna eru tíu dæmi eða færri ($35/59 \approx 59,3\%$). Um einungis fjórar sagnir eru fleiri en 50 dæmi: *skorta*, *vara*, *gruna* og *dreyma*. Sagnir með skynjandafrumlagi í þolfalli virðast því hafa verið óalgengar í forníslensku yfirleitt og um algengustu sögnina (*dreyma*) hefur ekki fundist nema 271 dæmi. Nokkuð mörg dæmi eru um *lysta* og *skorta* en með þeim kemur fram breytileiki milli þolfalls og þágufalls. Hins vegar kemur enginn breytileiki fram með þeim sögnum sem eru allra algengastar: *vara*, *gruna* og *dreyma*.

Í athugun Jóhannesar Gísla Jónssonar og Þórhalls Eyþórssonar (2003) og Ástu Svavarsdóttur (1982) á þágufallssýki kom fram að minnst er um þágufallssýki með sögnunum *gruna*, *dreyma* og *minna* í nútímamáli (sjá kafla 2.2). Jóhannes og Þórhallur telja ástæðuna þá að þágufallssýki sé mest með sögnum sem tákni tilfinningu (líkamlega eða andlega) en *gruna*, *dreyma* og *minna* eru hins vegar líkams- og skynjunarsagnir. Líklega felst skýringin á breytileikanum því bæði í merkingu sagnanna og í tíðni þeirra. Að minnsta kosti getur vart verið tilviljun að í forníslensku skuli finnast þágufallsfrumlög með sögnum á borð við *angra*, *ánægja*, *bila*, *bíhaga*, *harma* og *lysta* sem allar tákna tilfinningu en ekki með *vara*, *gruna* og *dreyma* sem talsvert mörg dæmi eru um.

